



Ársskýrsla UMSK 2018

95. ársþing 21. febrúar 2019



Ungmennasamband
Kjalarnesþings

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Stjórn	5
Fjöldi þingfulltrúa	6
Aðildarfélög UMSK	7
UMSK í tölum	10
Úr starfi UMSK	11
Afrekaskrá í frjálsum íþróttum	20
UMFÍ fréttir	23
Fréttapunktur frá ÍSÍ	26
Frá aðildarfélögum	30
Viðurkenningar	42
Heiðursviðurkenningar	44
Afreksmannasjóður UMSK	48
Lög UMSK	48
Reikningar 2018	50

Skýrslan

Skýrsla 2018, lögð fram á 95. ársþingi
Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin
á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni
í febrúar 2019.

Umbrot og hönnun:

Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:

Valdimar Leó Friðriksson

Valdimar Gunnarsson

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

Ragna Ingólfssdóttir

Ljósmyndir:

Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.

Ávarp formanns

Ágætu þingfulltrúar.

Velkomin á 95. ársþing

Ungmennasambands Kjalarnesþings.



Héraðssambandið UMSK er enn að stækka og telur rúmlega 80.000 félagsmenn í 40 virkum aðildarfélögum, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 47 deildir. Innan aðildarfélaganna eru skráðir iðkendur 30.240 í 31 íþróttagrein.

Rekstur UMSK stendur traustum fótum og auk þess að leggja í sjóði þá var úthlutaði rúmum 70 milljónum til aðildarfélaganna á síðasta ári.

Þrátt fyrir þá samdráttartíma sem gengu yfir þjóðfélagið fyrir áratug, þá hefur íþróttahreyfingin blómstrað. Iðkendum á sambandssvæðinu fer fjölgandi, fjölbreytnin eykst, aldurinn fer hækkandi og fleiri félög eru stofnuð.

Árið 2013 tóku aðildarfélögin virkan þátt í að móta stefnu UMSK fyrir árin 2014-2018. Við teljum að flest þau markmið sem þar voru sett hafi náðst. Í vetur var stefnan síðan endurskoðuð og sett ný stefna til næstu fjögurra ára. Þar eru helstu áherslur að UMSK viðhaldi stöðu sinni sem leiðandi héraðssamband og öflugur bakhjarl í starfi aðildarfélaganna, og leggji þannig sitt af mörkum til að skapa betra samfélag.

Auk þess beinum við sjónum okkar að lýðheilsu. Því rétt eins og í nágrannalöndunum þá er ljóst að Íslenska þjóðin er að þyngjast sem leiðir af sér verri lífsgæði og aukinn kostnað fyrir samfélagið. Við viljum nýta krafta hreyfingarinnar til að sporna við þeirri þróun á sambandssvæðinu, miðla af þekkingu og fræðslu og auka fjölbreytni í íþróttum sem og annari hreyfingu í þeim tilgangi að fá fleiri til að hreyfa sig. Það hefur orðið töluverð vakning í lýðheislumálum hjá sveitarfélagunum og þar er kjörið tækifæri til samvinnu.

Ágætu félagar

Gott samstarf er lykillinn að góðu starfi.

Ég vil þakka aðildarfélagunum fyrir gott starf og góða samvinnu á síðasta starfsári. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra sambandsins þakka ég gott samstarf og óska okkur öllum vel farnaðar í starfi.

Valdimar Leó Friðriksson Formaður UMSK



Stjórn UMSK



Formaður:

Valdimar Leó Friðriksson.
Vefarastræti 15, 270 Mosfellsbæ
valdimarleo@umsk.is



Varaformaður:

Magnús Gíslason.
Þorrasölum 9, 201 Kópavogur



Gjaldkeri:

Guðmundur Sigurbergsson.
Lindasmára 57, 201 Kópavogur



Ritari:

Hanna Carla Jóhannsdóttir,
Vindakór 1, 203 Kópavogur



Meðstjórnandi:

Lárus B. Lárusson.
Sævarbörðum 11, 170 Seltjarnarnesi



Varastjórn:

Theódór Kristjánsson, Leirutanga 45,
270 Mosfellsbær



Þorsteinn Þorbergsson.
Ásbúð 3, 210 Garðabæ



Halla Garðarsdóttir
Kópavogsbarði 5, 203 Kópavogur



Framkvæmdastjóri:

Valdimar Smári Gunnarsson.
umsk@umsk.is,
sími 5144090 / 8948503

Dagskrá 95. ársþings UMSK

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.
25. Þingslit.

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík og er opin alla virka daga frá 9:00 - 16:00.

Fjöldi þingfulltrúa á 95. ársþingi UMSK 2019



Félög	Samtals	Fulltruar
Augnablik	89	1
Bogfímifélagið Boginn	463	4
Dansfélagið Hvönn	485	4
Dansíþróttafélag Kópavogs	888	9
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1743	9
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	1338	9
Golfklúbbur Álfтанess	301	3
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	757	8
Golfklúbburinn Oddur	1610	9
Handknattleiksfélag Kópavogs	11462	9
Hestamannafélagið Adam	70	1

Hestamannafélagið Sprettur	1051	9
Hestamannafélagið Sóti	109	1
Hestaíþróttafélagið Hörður	682	7
Hnefaleikafélag Kópavogs	131	1
Hvítí riddarinn	110	1
Júðófélag Garðabæjar	21	1
Knattspyrnufélag Garðabæjar	96	1
Knattspyrnufélagið Kría	38	1
Knattspyrnufélagið Vatnaliljur	67	1
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	183	2
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	50	1
Kricketfélag Kópavogs	27	1
Lyftingafélag Garðabæjar	97	1
Rugbyfélagið Stormur	28	1
Siglingafélagið Ýmir	322	3
Skotíþróttafélag Kópavogs	435	4
Skylmingafélag Seltjarnarness	41	1
Stál-úlfur	159	2
Tennisfélag Garðabæjar	204	2
Tennisfélag Kópavogs	481	5
Umf. Stjarnan	7240	9
Umf. Álfтанess	1471	9
Breiðablik íþrótt og ungmennafélag	16908	9
Ungmennafélagið Afturelding	7840	9
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	254	3
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	100	1
Íþróttafélagið Gerpla	8605	9
Íþróttafélagið Glóð	206	2
Íþróttafélagið Gróttu	3962	9
Knattspyrnufélagið Álafoss	69	1
	173	

Aðildarfélög UMSK 2018



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Birna Kristín Jónsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 10.013
Fjöldi iðkenda: 1.999



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Álftaness
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 1.795
Fjöldi iðkenda: 388



Breiðablik www.breiðablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Sveinn Gíslason
Fjöldi félagsmanna: 14.516
Fjöldi iðkenda: 4.057



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ragnheiður M. Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 12.323
Fjöldi iðkenda: 1.490



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurður Bjarnason
Fjöldi félagsmanna: 10.453
Fjöldi iðkenda: 3.946



Gróttu www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttu, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Bragi Björnsson
Fjöldi félagsmanna: 5.039
Fjöldi iðkenda: 1.472



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 14.659
Fjöldi iðkenda: 3.357



Ymir www.siglingafelag.is
Siglingafélagið Ymir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Hannes Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 332
Fjöldi iðkenda: 259



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: desember 2014
Formaður: Kári Tryggvason
Fjöldi félagsmanna: 1.451
Fjöldi iðkenda: 1.448



GKG www.gkg.is Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Guðmundur Oddsson
Fjöldi félagsmanna: 2.308
Fjöldi iðkenda: 2.269



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Hákon Hákonarson
Fjöldi félagsmanna: 768
Fjöldi iðkenda: 768



Sprettur www.sprettarar.is
Hestamannafélagið Sprettur, Kópavogi/Garðabæ
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 1.668
Fjöldi iðkenda: 1.668



SFK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Friðrik Goethe
Fjöldi félagsmanna: 436
Fjöldi iðkenda: 223



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 695
Fjöldi iðkenda: 695



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Elín Hrönn Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.681
Fjöldi iðkenda: 1.681



Söti www.hmfsoeti.com/
Hestamannafélagið Söti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson
Fjöldi félagsmanna: 135
Fjöldi iðkenda: 135



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Kristinn Ólafsson
Fjöldi félagsmanna: 778
Fjöldi iðkenda: 778



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Friðrik Þór Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 96
Fjöldi iðkenda: 96



ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson
Fjöldi félagsmanna: 100
Fjöldi iðkenda: 80



Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 905
Fjöldi iðkenda: 529



DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1.676
Fjöldi iðkenda: 563



Riddarinn www.riddarinn.is
Hvíti Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Agnar Freyr Gunnarsson
Fjöldi félagsmanna: 110
Fjöldi iðkenda: 110



Skyldingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 53
Fjöldi iðkenda: 51



ÍGK www.glod.is
Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 206
Fjöldi iðkenda: 209



GA www.golf.is/pages/klubbar/klubbasida
Golfklúbbur Álfтанess
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Björn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 334
Fjöldi iðkenda: 314



Motomos www.motomos.is
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Bjarni Sigurgeirsson
Fjöldi félagsmanna: 266
Fjöldi iðkenda: 237



Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Fjöldi félagsmanna: 50
Fjöldi iðkenda: 30



Tennisfélag Garðabæjar www.tfg.is/
Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eyþór Rafn Þórhallsson
Fjöldi félagsmanna: 352
Fjöldi iðkenda: 189



Knattspyrnufélag Garðabæjar
Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 96
Fjöldi iðkenda: 69

Hestamannafélagið Adam Kjós
www.kjos.is/felagasamtok/
hestamannafelagid-adam/
Félagið stofnað: 8. febrúar 2007
Formaður: Óðinn Elísson
Fjöldi félagsmanna: 70
Fjöldi iðkenda: 70



Íþróttafélagið Stálúlfur
www.stalulfur.blogcentral.is
Kópavogi
Félagið stofnað: 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Fjöldi félagsmanna: 159
Fjöldi iðkenda: 160



Judófélag Garðabæjar www.jg.is
Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Björn Halldór Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 42
Fjöldi iðkenda: 42

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Fjöldi félagsmanna: 28
Fjöldi iðkenda: 15



Bogfímifélagið Boginn www.boginn.is
Kópavogi
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012
Formaður: Guðmundur Þ. Guðjónsson
Fjöldi félagsmanna: 499
Fjöldi iðkenda: 364



Knattspyrnufélagið Vatnaliljur
Kópavogi
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Fjöldi félagsmanna: 67
Fjöldi iðkenda: 65



Knattspyrnufélagið Ísbjörninn
Kópavogi
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Fjöldi félagsmanna: 183
Fjöldi iðkenda: 57



Knattspyrnufélagið Krian
Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Pétur Már Harðarson
Fjöldi félagsmanna: 38
Fjöldi iðkenda: 38



Hnefaleikafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 21. febrúar 2013
Formaður: Karen Ósk Nilsen Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 186
Fjöldi iðkenda: 186



Lyftingafélag Garðabæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Árni Björn Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna: 108
Fjöldi iðkenda: 108



Kríkketfélag Kópavogs
Félagið stofnað: 2015
Formaður: Jakob Robertson
Fjöldi félaga: 28
Fjöldi iðkenda: 28

Knattspyrnufélagið Álafoss
Félagið stofnað: 2017
Formaður: Patrekur Helgason
Fjöldi félaga: 69

Óvirk félög:



Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar

Félagið stofnað: 10. janúar 2011



Skautafélagið Fálkar

Kópavogi

Félagið stofnað: 20. október 2010



Knattspyrnufélagið Skínandi

Garðabæ

Félagið stofnað: 7. Janúar 2012

Knattspyrnufélagið Örninn Kópavogi

Félagið stofnað: 18. des 2013



Gáski

Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ

Félagið stofnað: 10. júní 1982



Hjólamenn

www.hjolamenn.is

Hjólreiðafélagið Hjólamenn

Félagið stofnað: 11. nóvember 2004



Lyftingafélag Kópavogs

Félagið stofnað:




Ungmennafélagið Drengur Kjós

Félagið stofnað: 2015



Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein sem stundaðar eru innan UMSK

■ 2018 ■ 2017



**Hlutfall íbúa á UMSK svæðinu
sem iðkar íþróttir með íþróttafélögum**

61,6% 16 ára og yngri
26% 17 ára og eldri

Meðaltal UMSK 34,3%
Meðaltal landið 27,3%

Úr starfi UMSK



Hvatningaverðlaun UMFÍ

Á sambandsráðsfundi UMFÍ sem fram fór á Ísafirði í október var UMSK veitt hvatningaverðlaun UMFÍ. Hvatningarverðlaunin hlaut UMSK fyrir nýsköpun og nýjungar í starfi á undanförunum árum. Þar á meðal er innleiðing og kynning á nýrri íþróttagrein á Íslandi; biathlon, útbreiðslu pannavalla á meðal sinna aðildarfélaga, skólamóti í blaki og samvinnuverkefni innan UMSK sem snúa að því að auka hreyfingu eldri borgara. Þá hefur UMSK stuðlað að auknu samstarfi með kynningar- og fræðsluferð til Bretlands. Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK tók við verðlauninum fyrir hönd sambandsins.



Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina eins og undanfarin ár en fyrsta mótið var haldið á Dalvík 1992. Rúmlega tvö hundruð keppendur komu af UMSK svæðinu og skemmtu

sér konunglega. Mótið heppnaðist í alla staði vel þrátt fyrir afleitt veður fyrsta daginn en bongóblíða var svo það sem eftir lifði móts. Unglingalandsmótin eru löngu búin að sanna sig sem eftirsóttasta útihátíð fjölskyldunnar um verslunarmannahelgina og eru gestir yfirleitt hátt í tíu þúsund.



Landsmót UMFÍ 50+ og Landsmótið

Landsmótið var haldið á Sauðárkróki í júlí með nýju og breyttu sniði. Síðast var Landsmótið haldið á Selfossi 2013 og þá þóttust menn sjá að ekki væri vænlegt að halda áfram með mótið með sama hætti. Ákveðið var að horfa til nýrra markhópa þ.e. fólk á öllum aldri sem hefur gaman af að hreyfa sig. Þú gast skráð þig til keppni í fjölda íþróttagreina eða bara komið og prófað en yfir fjörutíu íþróttagreinar voru í boði. Samhliða Landsmótinu var haldið Landsmót 50+ og Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum. Þetta nýja form á Landsmótinu er spennandi og gaman verður að sjá hvernig til tekst með að þróa það áfram.



Skólamót í blaki

UMSK stóð fyrir skólamóti í blaki fyrir nemendur í 4. – 7. bekk í grunn-skólum á UMSK svæðinu. Mótið var haldið í Kórnum í Kópavogi þar sem settir voru upp 62 blakvellir. Yfir 700 nemendur tóku þátt og var það samdóma álit þátttakenda, kennara og skólastjórnenda að vel hafi tekist til. Verkefnið var samstarfsverkefni UMSK og Blaksambandsins og er stefnt að því að halda samskonar mót í haust.



Dansmót UMSK

Opna UMSK dansmótið var haldið í Smáranum Kópavogi 21. október. Keppt var í öllum aldursflokkum samkv. keppendareglum DSÍ. Allir okkar bestu dansarar og fjöldi erlendra keppenda tóku þátt. Mótið gekk vonum framar en það er haldið af UMSK, Dansfélaginu Hvönn, Dansíþróttafélagi Kópavogs og Dansdeild HK. Keppt er um stigabikar UMSK sem fer til þess félags er flest stig hlýtur samanlagt og fór hann að þessu sinni til Dansíþróttafélags Kópavogs.

Skólahlaup UMSK

Skólahlaup UMSK var haldið í október með breyttu sniði. Mótið hefur verið haldið til skiptis á Kópavogsvelli eða Varmárvelli. Mikil fjölgun hefur orðið í þátttöku og erfið að ræsa stóra hóp af stað í einu. Því var ákveðið að vera með tvö hlaup þ.e. eitt í Kópavogi og annað í Mosfellsbæ.

Í skólahlaupinu er keppt um Bræðrabikarinn en þann bikar hlýtur sá skóli sem kemur hlutfallslega með flesta keppendur. Í ár var það Linda-skóli Kópavogi sem hlaut bikarinn en 86% nemenda skólans í 4. -7. bekk tóku þátt.

Þrír fyrstu í hverjum árgangi fá viðurkenningu.

Kópavogshlaupið

4. bekkur kvk

1. Katla Guðmundsdóttir Lindaskóla 1.24.1
2. Líney Anna Baldursdóttir Flataskóla 1.26.2
3. Þórdís Gunnarsdóttir Flataskóla 1.29.3

4. bekkur kk

1. Birkir Þorsteinsson Lindaskóla 1.19.0
2. Aron Egill Brynjarsson Kópavogsskóla 1.22.0
3. Daníel Darri Pétursson Lindaskóla 1.23.0

5. bekkur kvk

1. Edith Kristín Kristjánsdóttir Álfhólsskóla 1.21.0
2. Högná Þóroddsdóttir Flataskóla 1.26.0
3. Hrafnhildur Salka Pálmadóttir Flataskóla 1.26.0

5. bekkur kk

1. Tómas Óli Kristjánsson Flataskóla 1.17.0
2. Róbert Hrafn Brink Flataskóla 1.19.0
3. Markús Steinn Ásmundsson Lindaskóla 1.20.0

6. bekkur kvk

1. Ísold Sævarsdóttir Flataskóla 2.56.0
2. Melkorka Kristín Jónsdóttir Kópavogsskóla 3.01.0
3. Katla Margrét Jónsdóttir Kópavogsskóla 3.02.0

6. bekkur kk

1. Aron Freyr Guðmundsson Flataskóla 2.56.0
2. Alexander Jón Lindaskóla 2.59.0
3. Emil Freyr Jónsson Lindaskóla 3.01.0

7. bekkur kvk

1. Ingunn Böðvarsdóttir Kópavogsskóla 2.44.0
2. Hulda Sigrún Lindaskóla 2.47.0
3. Leoana Pálsdóttir Lindaskóla 3.02.0

7. bekkur kk

1. Eiríkur Örn Beck Lindaskóla 2.41.0
2. Jóhann Kári Þorsteinsson Lindaskóla 2.44.0
3. Bóas Már Alfreðsson Lindaskóla 2.50.0

Mosfellsbæjarhlaupið

4. bekkur kvk

1. Kolbrún Hilmarsdóttir Varmáarskóla 1.28.4
2. Valdís Garðarsdóttir Varmáarskóla 1.34.7
3. Marta Guðrún Magnúsdóttir Lágafellsskóla 1.37.3

4. bekkur kk

1. Logi Andersen Lágafellsskóla 1.23.1
2. Þór Harðarsson Lágafellsskóla 1.24.2
3. Bjarni Á Þorkellsson Varmáarskóla 1.25.5

5. bekkur kvk

1. Anna Bryndís Ágústsdóttir Lágafellsskóla 1.20.9
2. Hildur Kristín Pétursdóttir Lágafellsskóla 1.23.9
3. Þórný Pálmadóttir Lágafellsskóla 1.24.6

5. bekkur kk

1. Sölvi Hrafn Gíslason Varmáarskóla 1.17.9
2. Óðinn Guðnason Varmáarskóla 1.20.2
3. Tristann Elí Þorbergsson Lágafellsskóla 1.20.9

6. bekkur kvk

1. Elísabet Guðjónsdóttir Lágafellsskóla 2.48.9
2. Sunna Sigrúnardóttir Varmáarskóla 3.20.1
3. Svava María Sindradóttir Varmáarskóla 3.21.7

6. bekkur kk

1. Baldur Þorkellsson Varmáarskóla 2.54.7
2. Alexander Vilhjálmsson Lágafellsskóla 2.56.2
3. Benedikt Steingrímsson Varmáarskóla 2.58.7

7. bekkur kvk

1. Sólveig Scheving Varmáarskóla 3.00.5
2. Sara Sól Gunnarsdóttir Lágafellsskóla 3.01.9
3. Agata Ylfa Ólafsdóttir Varmáarskóla 3.03.2

7. bekkur kk

1. Arnar Andersen Lágafellsskóla 2.40.5
2. Sindri Sigurjónsson Lágafellsskóla 2.41.4
3. Björn Einarsson Lágafellsskóla 2.43.9





Manchesterferð

UMSK fékk styrk úr Erasmusstyrkjaáætlun Evrópusambandsins til að hefja verkefni sem hefur það að markmiði að fjölga tækifærum til hreyfinga fyrir þá sem finna sig ekki í hefðbundnum íþróttum. Hluti af verkefninu var að fara í heimsókn til Street games í Manchester og fræðast um hvernig þau starfa. Þó starfsumhverfi þeirra sé að mörgu leiti frábrugðið og erfiðara heldur en við eigum að venjast þá lærðu menn margt í þessari ferð sem vonandi á eftir að skila sér í starfinu. Í ferðina fóru fulltrúar hverfafélaga úr öllum bæjarfélögum innan UMSK, íþróttafulltrúar bæjarfélaganna og stjórnarmenn UMSK.



Stefnumótun

Árið 2014 fór UMSK í vinnu við að móta stefnu sambandsins til fjögurra ára. Unnið hefur verið eftir þessari stefnu síðan og allir sammála um að þessi vinna hafi styrkt sambandið. Stefnan var mótuð frá 2014 – 2018 og því ákvað stjórnin að fá Capacent í lið með okkur nú til að taka upp stefnuna og skerpa á henni til næstu ára. Byggt verður á fyrri stefnu sem hefur reynst vel. Áhersla verður á tvo megin málaflokka sem sambandið ætlar sér að vinna að.

Nýja stefnan verður kynnt hér á þinginu.



Battavellir(pannavellir)

UMSK gaf hverfafélögum innan sambandsins pannavelli til afnota. Þetta eru litlir áttthyndir fótboltavellir þar sem leikið er einn á móti einum. Vellirnir voru afhentir stjórn og stjórnendum hverfafélaga UMSK í Fífunni í Kópavogi.

Magnús Gíslason, varaformaður UMSK, afhenti vellina og sagði aðdraganda þessa þá að stjórn og sambandsaðilar Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) hafi farið til Álaborgar í Danmörku í fyrra og þar sáu menn þessa velli.

Vellirnir eru merktir UMSK og viðkomandi hverfafélagi.



Stjórnarfundir

Á starfstímanum hefur stjórnin haldið níu stjórnarfundum sem yfirleitt eru haldnir á skrifstofu sambandsins í Laugardal.

Fræðslumál

UMSK studdi við ýmskonar námskeið hjá félögum á árinu. Áhersla var lögð á að styðja félögin beint til námskeiðahalda. Fleiri og fleiri félög hafa verið að taka upp starfsdaga þar sem æfingar eru stöðvaðar hluta úr degi meðan þjálfurum er boðið uppá fræðslu. Hægt er að sækja um styrk til sambandsins til að vera með slíka fræðslu.

Fjórtán þjálfarar fengu styrk til að sækja sér þekkingu erlendis á árinu og einnig er hægt er að sækja styrk í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir námskeiðum.



Söguritun

Bjarki Bjarnason tók við á árinu að skrifa sögu sambandsins frá árinu 1962. Jón M. Ívarsson var búinn að skrifa söguna frá stofnun til þess tíma en varð að segja sig frá verkefninu vegna anna.



Lotto og getraunir

Getraunir – skemmtilegur leikur

Íslenskar getraunir er fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar. Reksturinn skiptist á milli tveggja leikja, Annarsvegar er sala á getraunaseðlum þar sem hægt er að tippa á 13 rétta á Enska getraunaseðlinn sem er á laugardögum og svo Evrópska getraunaseðlinn sem er á miðvikudögum og sunnudögum. Auk þess rekur fyrirtækið Lengjuna og Lengjan beint en þar er hægt að tippa á úrslit einstakra íþróttakappleikja. Alla leikina má finna á vefnum undir 1X2.is eða á næsta sölustað.

UMSK félög fengu eftirfarandi greiðslu úr Getraunum:

Knattsp.d. Gróttu	61.812
Nesklúbburinn	1.292
Breiðablik	581.047
Tennisfélag Kópavogs	3.239
Íþróttafélagið Gerpla	147.147
Handknattfélag Kópavogs	123.758
Siglingafélagið Ýmir	2.254
Skotfélag Kópavogs	622
Knattspyrnufélagið Augnablik	2.675
Dansfélagið Hvönn	290
Umf. Stjarnan	228.706
Golfklúbbur Kópavogs og Garðab	15.333
Hestamannafélagið Sprettur	9.144
Umf. Afturelding	197.677
Umf. Kjalnesinga	1.916
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	75.576
Hvítu riddarinn	500
Hestamannaf. Hörður	3.422
Knattspyrnufél. Ísbjörnin	790
Íþróttafél. Stál-úlfur	183
Vatnaliljur	1.029
Samtals:	1.458.412

Litla gula hænán

Þar sem fyrirtækið er í eigu íþróttahreyfingarinnar er markmið þess að skila öllum hagnaði til hreyfingarinnar. Úthlutunarreglur á hagnaði til íþróttafélaganna eru frekar einfaldar og má segja að þær taki mið af sögunni um Litlu gulu hænuna. Þau félög sem taka þátt í að selja getraunaseðla og kynna getraunanúmerið sitt, fá meira í sinn hlut en þau sem það gera ekki.

Allir geta verið með.

Íslenskar getraunir hafa útbúið sölukerfi sem er til staðar fyrir þau íþróttafélög sem vilja taka að sér sölu á getraunaseðlum. Kerfið er á netinu og afar einfalt í notkun. Auðvelt er að selja getraunaseðla í gegn um kerfið og enn einfaldara er að halda utanum úrslit og útborganir vinninga þar sem það er allt sjálfvirk í dag. Þau félög sem áhuga hafa á að taka upp getraunastarf fá alla aðstoð til þess hjá starfsmönnum Getspár/Getrauna. Það er alls ekki nauðsynlegt að hafa þekkingu á getraunum. Miklu heldur að hafa áhuga á félagsstarfi og hafa gaman.

Lotto í tölum

Samtals Lotto frá UMFI og ÍSÍ 89.249.607

Til UMSK	(14%)	12.494.945
Afrekssjóður	(7%)	6.247.472
Aðildarfélagin	(79%)	70.507.189

Úthlutun eftir sveitarfélögum

Mosfellsbæ	10.623.478	(15,2%)
Kópavogur	37.796.197	(54,1%)
Garðabær	16.418.952	(23,6%)
Seltjarnarnes	4.763.896	(6,8%)
Kjós	238.901	(0,3%)

Lottó – Reglugerð um Lottó

1. 14% renna til sambandsins
2. 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 79% renna til aðildarféлага samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):

– Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúa fjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.

– Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Lotto greitt til aðildarfélaganna 2018


GKG	3.648.606	Hjólameinn	11.111
Sprettur	3.038.004	Stálúlfur	181.750
UMFB	40.175	Ísbjörnninn	57.763
Stjarnan	10.445.123	Stormur	19.044
GÁ	348.308	Boginn	809.708
Oddur	1.702.028	Vatnaliljur	85.871
Sóti	292.998	Afturelding	6.952.304
KFG	97.442	Kjölur	1.830.268
TFG	458.657	Riddarinn	147.040
Júdo Garð	170.737	Hörður	1.269.084
Skinandi	2.672	Motom	370.589
Adam	238.901	Kraft Mos	54.194
Breidablik	11.063.741	Grótta	3.688.359
HK	11.314.477	Skylm.Seltj.	127.883
Ýmir	321.898	GN	939.985
Gerpla	4.134.679	Zetor	7.669
DÍK	1.406.487	Hnefaleikaf.	425.863
Skotf. Kóp	208.002	Krían	68.413
TFK	1.655.056	Örninn	11.111
Augnablik	163.272	Lyftingaf. Kópav.	20.304
ÍAK	72.589	Lyftingaf. Garð.	119.490
Glóðin	204.599	Krikkeft. Kóp.	20.585
Hvönn	1.360.351		

Afreksmannasjóður UMSK

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru úr Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK. Styrkt er þátttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum innanlands og utan og Olympíuleikum.

Árið 2018 fengu tvö hundruð sjöti og þrír íþrótta menn úthlutað styrk úr sjóðnum.


Afreksmannasjóður



Þjálfarastyrkir

Hægt er að sækja um þjálfarastyrki til sambandsins til að fara á þjálfaranámskeið erlendis. Úthlutað er þrisvar sinn- um á ári þ.e. í apríl, september og desember. Á síðasta ári voru veittir fjórtán styrkir til þjálfara.

Þjálfarastyrkir skiptust á eftirfarandi félög:



Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótta- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands hefur umsókn með útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum. Umsóknafrestur er um áramót.

Yfirlit yfir þau félög sem fengu greitt úr sjóðnum fyrir 2018

2017	204	Siglingafélagið Ýmir	UMSK	48.680
2017	288	Ísbjörninn	UMSK	63.004
2017	283	KFG	UMSK	72.014
2017	289	Stálúlfur	UMSK	103.225
2017	212	GKG	UMSK	105.767
2017	207	Augnablik	UMSK	114.697
2017	226	Umf. Álfanness	UMSK	492.562
2017	202	Íþróttafélagið Gerpla	UMSK	679.465
2017	170	Íþróttafélagið Gróttta	UMSK	909.068
2017	203	HK	UMSK	1.348.909
2017	200	Breiðablik	UMSK	1.658.352
2017	270	Umf. Afturelding	UMSK	1.905.900
2017	210	Stjarnan	UMSK	2.094.173

9.595.816



Íþróttasjóður ríkisins

Íþróttasjóður byggir á Íþróttalögum nr. 64/1998 og reglugerð um sjóðinn nr. 803/2008. Markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun og eflingu íþróttastarfs fyrir börn og unglinga, efla þekkingu þjálfara og leiðbeinenda í íþróttastarf, auka gildi íþróttastarfs í forvörnum og auka veg og virðingu íþróttastarfs í samfélaginu

Hverjir geta sótt um?

Öll íþrótta- og ungmennafélög í landinu. Einnig þeir sem stunda rannsóknir á sviði íþrótta og lýðheilsu.

Hvað er styrkt?

Veita má framlög til eftirfarandi verkefna á sviði íþrótta;

1. Sérstakra verkefna íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana.
2. Útbreiðslu- og fræðsluverkefna og skal einkum lögð áhersla á verkefni sem uppfylla einhver eftirfarinna skilyrða;


- a. Stuðla að nýsköpun og eflingu íþróttastarfs fyrir börn og unglinga og sérstök áhersla verður að þessu sinni á verkefni sem stuðla að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna
 - b. Eflingu þekkingu þjálfara og leiðbeinenda í íþróttastarfi
 - c. Auka gildi íþróttastarfs í forvörnum
 - d. Auka veg og virðingu íþróttastarfs í samfélaginu
3. Íþróttarannsóknir
 4. Verkefnum samkvæmt 13. gr. íþróttalaga

Eftirfarandi félög fengu styrk úr sjóðnum 2018

Gerpla	Trampolínkaup	300.000
Kraftmos	Tækjakaup	200.000
Krafl.deild Breiðabliks	Uppbygging unglingast.	150.000

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagsshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi. Úthlutað er tvisvar sinnum á ári, 1. apríl og 1. október. Úthlutun fer fram sem næst 1. maí og 1. nóvember ár hvert.



Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ Það sem hefur verið styrkt:

Þjálfaranámskeið

Fræðsluferð til Manchester

Fræðsludagur FSI

Þjálfaranámskeið FSI

Verkefnið Regnbogabörn

Stofnun sundskóla

FIBA þjálfaramenntun

Koreografiunámskeið

Fræðsludagur

Starfsdagur

Fræðsla um mikilv. næringar

Fræðsla um mikilv. svefns

Stefnumótun

Master coach námskeið

Handbækur sjálfboðaliða

Handbækur fyrir forraðamenn

Fyrirlestur forvarnagildi íþróttar

Fyrirlestur íþróttasálfræði

Þjálfaranámskeið FSI

Skyndihjálparnámskeið

Foreldraleikfimi

Útbreiðsla íþróttar 1-4 bekkur

Kynningarefni á erl. tungumáli

Efling íþróttar f. eldri borgara

Aukning á þátttöku yngri í blaki

Verkerlar netsvindls

Fræðsla um andlegar hliðar

Útbreiðsluverkefni

Fræðsla fyrir sumarstarfsmenn

Grunnstigsþjálfun TSÍ

Útbreiðsluverkefni biathlon

Fræðslufyrirlestur foreldra

Foamflex námskeið

Dómaranámskeið hópímleikum

Námskeið í fjarþjálfun

Þjálfaranámskeið HSÍ

Þjálfaranámskeið knattspyrna

Þáttagerð

Námskeið humor

Námskeið í Bandaríkjunum

Þjálfaranámskeið UEFA

Reglunámskeið f. Foreldra

Reglunámskeið f. lðkendur



Samantekt á styrkjum til aðildarfélaga

Afrekssjóður UMSK	5.932.500
Ferðasjóður ríkisins	9.595.816
Íþróttasjóður	650.000
Verkefnasjóður UMFÍ	4.529.500
Aðrir styrkir UMSK	1.570.000
Getraunir	1.458.412
Lotto	70.507.189
	94.243.417



Þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð UMSK er á Engjavegi 6 Reykjavík (Íþróttamiðstöðinni Laugardal). Starfsmaður sambandsins er Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri. Þar er daglegum rekstri sambandsins stýrt ásamt ýmissi þjónustu við aðildarfélögin. Sími á skrifstofunni er 514 4090/894 8503 netfang umsk@umsk.is heimasíða www.umsk.is

Endamark

UMSK á stórt uppblásið endamark. Aðildarfélög geta fengið markið að láni endurgjaldslaust.



94. ársþing UMSK var haldið þriðjudaginn 13. febrúar 2018 í Golfskála GKG í Garðabæ.



1. Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkoma.

Hann sagði að fjöldi félagsmanna innan sambandsins hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og telja nú 76.839. Aðildarfélagin eru 48, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 47 deildir þannig að samtals eru þetta 95 einingar innan sambandsins. Íðkendum hefur fjölgað um 5% á milli ára og eru nú 33.092 og skiptast jafnt á milli kynja. UMSK á langa og farsæla 95 ára sögu að baki og er í dag sterkt og öflugt samband sem státar af virkum og góðum félögum sem hafa lagt á sig mikla vinnu til að standa vörð um félagsauðinn. Í gegnum tíðina hefur stjórn UMSK lagt sig fram um að bæta, gæta aðhalds og útsjónarsemi.

Anna Möller var kosin þingforseti og Margrét Björnsdóttir þingritari. Kjörbréfanefnd kosin en það voru þau Magnús Jakobsson, Breiðabliki sem formaður, Þórdísi Guðrúnu Bjarnadóttur, Íþróttafélaginu Glóð og Báru Einarssdóttur, Skotíþróttafélagi Kópavogs.

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður rakti helstu viðburði í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári UMSK.

Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri fór yfir stefnumótunarvinnu sem fór fram árið 2014 innan UMSK. Lögð var áhersla á að þjóna félögum í hreyfingunni.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK fór yfir endurskoðan ársreikning sambandsins.

Rekstrargjöld hækka um 3,5% milli ára, eru nú 90.988.440 á móti 87.744.464 árið áður, þannig að rekstrarniðurstaða fyrir 2017 er hagnaður upp á 4.526.234 á móti 3.659.613 árið áður.



Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson, ÍSÍ flutti þinginu kveður frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki.

Framkvæmdastjórn hefur falið mér að vinna hér embættisverk sem mér er mjög ánægjulegt. Það er að veita tveimur einstaklingum viðurkenningar: **Ellen Dröfn Björnsdóttir, Dansíþróttafélagi Kópavogs og Ólafur Már Hreinsson, Dansíþróttafélagi HK.** Hafsteinn sæmdi þau **silfurmerki ÍSÍ.**



Jóhann Steinar Ingimundarson, UMFÍ flutti kveðu frá stjórn og starfsfólki UMFÍ. Hann sagði að stjórn UMFÍ hafir ákveðið að veita tveimur einstaklingum viðurkenningar:

Starfsmerki UMFÍ

Margrét Björnsdóttir, Siglingafélaginu Ými og Helga Jóhannesdóttir, Aftureldingu

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ kynnti Æskulýðsvettvanginn.

Viðurkenningar á 94. ársþingi UMSK:



Félagsmálaskjöldur

Gunnar Ingi Björnsson, Golfklúbbi Mosfellsbæjar



Gullmerki UMSK

Páll Grétarsson og Snorri Olsen, Stjórnunni

Afreksbikarar UMSK:



UMFÍ bikar – Meistaraflokkur kvenna í hópífmleikum, Stjarnan



Fimleikabikar UMSK
Andrea Sif Pétursdóttir, Stjörnunni



Skiðabikar UMSK
Agla Jóna Sigurðardóttir, Breiðabliki



Sundbikar UMSK
Bryndís Bolladóttir, Breiðabliki



Frjálsíþróttabikar UMSK
Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki



Dansbikar UMSK – Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir HK



Íþróttakarli UMSK Aron Dagur Pálsson, Stjörnunni
Íþróttakona UMSK Fanní Fríðriksdóttir, Breiðabliki

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna uppstillinganefnd, sem kosið er nú eftir í fyrsta skipti. Hannes Strange, Breiðablik sem formann, Hólmfríði Kristjánsdóttir, HK og Ásu Þorsteinsdóttir, Stjörnunni. Tillaga um uppstillinganefnd samþykkt.

94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018 skorar á UMFÍ og ÍSÍ að standa sameiginlega að gerð aðgerðaáætlunar fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi og kynna vel fyrir aðildarfélagum og iðkendum.

Það er mikilvægt að það sé öllum okkar skjólstæðingum ljóst hvert skal leita ef slík mál koma upp. Það er hagur og styrkur íþróttahreyfingarinnar í heild sinni að hafa sömu boðleiðir og sameiginlega stefnu.

a) Tillaga að kosningu til stjórnar Afreksmannasjóðs
Kosnir fjórir í stjórn Afreksmannasjóðs;

1. Ása Inga Þorsteinsdóttir, Stjörnunni
2. Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu
3. Óli Þór Júlíusson, HK
4. Sólberg Sunna Sigurðardóttir, Gerplu

19. Kosningar.

20. Kosning formanns.

Valdimar Leó Fríðriksson, Aftureldingu situr áfram (kosinn til tveggja ára á síðasta þingi).

Kosning tveggja stjórnarmanna.

Í kjöri eru Lárus B. Lárusson, Gróttu og Hanna Carla Jóhannsdóttir HK. Voru þau kosin einróma. Skoðast þau því rétt kjörin til næstu tveggja ára. (Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki og Magnús Gíslason, HK sitja áfram, voru kosnir til tveggja ára árið 2017).

Kosning þriggja manna í varastjórn.

Í kjöri eru Þorsteinn Þorbergsson, Stjörnunni, Theodór Kristjánsón, Golfklúbbi Mosfellsbæjar og Halla Garðarsdóttir, Breiðabliki. Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn til eins árs.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn. Til vara voru í kjöri Logi Kristjánsson, Breiðabliki og Ingi Þór Hermannsson, Golfklúbbum Oddi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir varamenn skoðunarmanna.

Afrekaskrá í frjálsum íþróttum

Konur

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
60 m	7,7 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
80 m	10,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
100 m	11,79 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
200 m	24,30 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1985
300 m	41,2 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1984
400 m	55,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	1987
800 m	2.06,22 mín	Hrönn Guðmundsdóttir	Breiðablik	1982
1000 m	3.01,2 mín	Ragnhildur Pálsdóttir	Stjarnan	1973
1500 m	4.22,95 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1991
1 míla	4.58,99 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
3000 m	9.31,0 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1993
5000 m	16.52,96 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	1995
1/2 maraþon	1.32.59 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
Maraþon	3.34.30 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	1986
100 m gr.hl.	14,11 sek	Guðrún Arnardóttir	Breiðablik	1990
300 m gr.hl.	43,78 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2010 (ísl)
400 m gr.hl.	60,86 sek	Stefanía Valdimarsdóttir	Breiðablik	2013
Kúluvarp	13,05 m	Vala Flosadóttir	Breiðablik	2004
Kringlukast	36,18 m	Kristín Karlsdóttir	Breiðablik	2013
Spjót kast	44,17	Irma Gunnarsdóttir	Breiðablik	2015
Sleggjukast	51,25 m	Aðalheiður M. Vigfúsdóttir	Breiðablik	2008
Langstökk	6.10m	Birna Kristín Kristjánsdóttir	Breiðablik	2018
Þristökk	11,88 m	Irma Gunnarsdóttir	Breiðablik	1991
Hástökk	1,75 m	Íris Jónsdóttir	Breiðablik	1978
Stangastökk	4,15 m	Vala Flosadóttir	Breiðablik	2004

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
Fimmtarþr.	3291 stig (16.0 – 5.16 – 8.59 -1.50 – 26,6)	Kristín Björnsdóttir	Breiðablik	1972
Sjöpraúti	5401stig 15,70- 1,58-25,16-5, 62-45,78- 2:27,16)	Irma Gunnarsdóttir Jessheim 9. júní	Breiðablik	2018
4×100 m boðhlaup	48,04 sek	Sveit UMSK(Inga Úlfisdóttir, Guðrún Arnardóttir, Svanhildur Kristjánsdóttir, Berglind Erlendsdóttir)	Breiðablik	1987
4×200 m boðhlaup	1.54,1 mín	Sveit UMSK	Breiðablik	1978
4×400 m boðhlaup	3.58,47 mín	Sveit Breiðabliks (Helga K. Harðard., Herdís H. Arnalds, Arndís m. Einarsdóttir, Stefanía Valdimars.)	Breiðablik	2007
3x800 m boðhlaup	7.10,66	Sveit Breiðabliks	Breiðablik	2005
1000 m boðhlaup	2.15,8 mín	(Árný H. Helgad., Helga k. Harðard., Herdís H. Arnaldsd.) Sveit UMSK (Inga Úlfsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjánsd., Berglind Erlendsd.)	Breiðablik	1987

Afrekaskrá í frjálsum íþróttum

Karlar

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
100 m	10,79 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
200 m	21,71 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
300 m	34,44 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1994
400 m	48,42 sek	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1985
800 m	1.48,83 mín	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	1987(Ísl)
1000 m	2.26,86 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1500 m	3.47,61 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	2003
1 míla	4.24,0 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
2000 m	5.53,6 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	1965
3000 m	8.10,29 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010
3000 m hind.	9.11,84 mín	Stefán Guðmundsson	Breiðablik	2010
2 mílur	10.02,6 mín	Erlingur Þorsteinsson	Stjarnan	1974
5000 m	14.01,99 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2010(Ísl)
10000 m	29.28,05 mín	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2008(Ísl)
20000 m	1.11.56,4 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
25000 m	1.35.43,2 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
Klukkust.hl.	16.735 m	Gunnar Snorrason	Breiðablik	1971
1/2 mar.hl.	1:05:35 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
Marab.hlaup	2:17:12 kl.st.	Kári Steinn Karlsson	Breiðablik	2011
110 m gr.hl.	14,29 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
200 m gr.hl.	27,4 sek	Trausti Sveinbjörnsson	Breiðablik	1970
400 m gr.hl.	53,52 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	1993
Langstökk	7,85 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2003
Þristökk	15,16 m	Karl Stefánsson	Breiðablik	1971
Hástökk	2,04 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Stangarst.	4,90 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
Kúluvarp	19,31 m	Pétur Guðmundsson	Breiðablik	1987
Kringlukast	62,34 m	Magnús Aron Hallgrímsson	Breiðablik	2003
Spjótkast,ný	80.91	Sindri Hrafn Guðmundsson	Breiðablik	2018
Sleggjukast	63,68 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Lóðkast	18,59 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	1993
Fimmtarþr.	3565 stig (7,22 – 52,92 – 22,94 – 34,36 – 4:32,96)	Halldór Lárusson	Afturelding	2005

Grein	Árangur	Nafn	Félag	Ár
Tugbraut	8390 stig (10.8 – 7,33 – 15.17 – 2,04 – 49.60 – 14,29, – 47,21 – 4,80 – 63.05 – 4:53.02)	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	2002
4×100 m boðhlaup	42,19 sek	Sveit UMSK (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson,Ingi Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1995
4×200 m boðhlaup	1.28,43 mín	Sveit UMSK (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingi Þór Hauks.)	Breiðablik/UMFA	1994(Ísl)
4×400 m boðhlaup	3.24,4 mín	Sveit UMSK (Sigurjón Valmunds., Einar Gunnarss., Hannes Hrafnkelss., Guðmundur Sigurðss.)	Breiðablik	1986
4 x 800 m boðhlaup	8.17,65 mín	Sveit UMSK (Kari Logason, Ólafur Margeirs. Bergur Hallgríms., Stefán Guðmunds.)	Breiðablik	2005
1000m boðhlaup	1.56,66 mín	Sveit UMSK) (Hörður Gunnars., Kristján Friðjónss., Egill Eiðsson, Ingi Þór Hauks.	Breiðablik/UMFA	1995
1500m Boðhlaup	3.19,61 mín	Sveit Breiðabliks (Magnús V. Gíslas., Róbert Michels., Andri Karls., Björn Margeirs.)	Breiðablik	2003



Fréttapunktur frá UMFÍ 2018



LANDSMÓTIÐ Á SAUÐÁRKROKI OG LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmótið var haldið í fyrsta sinn með gjörbreyttu sniði á Sauðárkróki 12. – 15. júlí. Samhliða mótinu fór fram Landsmót UMFÍ 50+ í áttunda sinn og Meistaramót í frjálsum íþróttum. Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) var mótshaldari ásamt sveitarfélaginu Skagafirði. Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri móta UMFÍ, hélt sem fyrr um alla þræði Landsmótsins.

Á Landsmótinu var boðið upp á keppni í um 40 greinum og fjölda viðburða, fyrirlestra um ýmsar hliðar lýðheilsu, tónleika og margt fleira. Fjölmargar nýjungar voru á Landsmótinu en keppt var m.a. í biathloni, sem er blanda af hlaupum og skotfimi og í ætt við skíðaskotfimi sem keppt er í á Vetrarólympíuleikum.

Landsmótið þótti takast mjög vel og náðust þau markmið sem sett voru með mótinu. Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að halda ekki Landsmót á fjögurra til fimm ára fresti eins og tíðkast hefur heldur á tveggja ára fresti og verður samkvæmt því næsta Landsmót haldið sumarið 2020.

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ Í ÞORLÁKSHÖFN

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina 2018, dagana 2.-5. ágúst. Þetta var 21. unglingalandsmót UMFÍ sem haldið hefur verið frá árinu 1992. Mótshaldarar voru Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og sveitarfélagið Ölfus.

Rétt eins og á Landsmótinu var talsvert um nýjungar á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn. Þar var byggður upp strandblakvöllur, keppt í dorgveiði, strandhandbolta og sandkastalagerð auk kökuskreitingarkeppni sem keppt var í í fyrsta sinn á Egilsstöðum ári fyrr.

Við slit Unglingalandsmótsins var tilkynnt að UMSB hlyti Fyrirmyndar-bikar UMFÍ. Fyrirmyndarbikarinn hlýtur sá sambandsaðili UMFÍ sem hefur sýnt framkomu til fyrirmyndar jafn innan sem utan keppni. Meðal annars er horf til inngöngu keppnisliða og stuðningsfólks við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ, framkoma liðsfélaga og fylgdarliðs, háttvísi öll og stemning fjölskyldna á tjaldsvæðinu.



HREYFIVIKA UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 28 maí – 3. júní. Um 165 boðberar stóðu fyrir um 380 viðburðum á 55 þéttbýlisstöðum víða um land. Áætlað er að þátttakendur að þessu sinni hafi verið 38.000 talsins. Þetta var sjötta árið sem UMFÍ tók þátt í verkefninu. Hreyfivikan er hluti af evrópskri lýðheilsuherferð sem heitir Now We Move.

UMFÍ tók upp á þeirri nýbreytni að búa til Hreyfibingó í tilefni af vikunni og var því dreift um allt land. Hreyfibingóið samanstendur af tólf hreyfitengdum verkefnum sem má framkvæma hvar og hvenær sem er.

UNG MENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐIR UMFÍ

Aðsókn í Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal hafa stóruð. Miðað við bókaðar dvalir stefnir í að 2.100 nemendur verði þar fram að vori. Þetta er metfjöldi í búðunum. Nemendur frá mörgum nýjum skólum hafa bæst við, sem skýrir fjölgunina.

Að öllu óbreyttu mun starfsemi Ungmennabúðanna flytjast yfir á Laugarvatn á næsta skólaári. Ástæðan er sú að samningur UMFÍ við sveitarfélagið Dalabyggð um búðirnar rennur út í en í lok maí. Að auki eru byggirnar á Laugum, sem eru í söluferli, komnar til ára sinna og þarfnast mikils viðhalds. Mjög hentugt húsnæði er hins vegar í gamla íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni og stutt að fara í íþróttahús og aðra aðstöðu.

VERTU MEÐ

Haustið 2018 kom út bæklingur sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins er foreldrar barna og ungmenna af



erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga. Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku. Efnið er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSí.

VORFUNDUR UMFÍ

VORFUNDUR UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Sauðárkróki helgina 4. - 5. maí 2018. Á fundinn mættu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ og starfsfólks. Fyrirkomulag Landsmótsins var kynnt á fundinum. Á laugardeginum fóru fundargestir um Sauðárkrók, skoðuðu bæinn, Landsmóttssvæðið og tjaldstæðin ofan við bæinn.

SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ 2018

Tveir sambandsráðsfundir UMFÍ voru haldnir á árinu 2018. Sá fyrri var haldinn í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar í janúar. Eina málið á dagskrá var umfjöllun um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ. Ályktun fundarins var sú að fela stjórn UMFÍ að halda vinnu við aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og skuli hún fara fram fyrir sambandsþing UMFÍ árið 2019.

Hinn sambandsráðsfundurinn fór fram á Ísafirði 20. október. Á fundinum voru hefðbundin fundarstörf. Auk þess var rætt um nýju persónuverndarlögin sem þá höfðu þegar tekið gildi. Haukur Valtýsson, for-

maður UMFÍ, sagði mikla þörf fyrir sjálfbæðið í hreyfingunni og þurfi að hlúa að þeim sem gefi sig í að starfa sem sjálfbæðiðar. Á fundinum fjallaði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, jafnframt um framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

UNGmennaráð og Ungmennaráðstefna

Í ungmennaráði UMFÍ eru tíu ungmenni víða að frá landinu. Formaður þess til tveggja ára er Kolbrún Lára Kjartansdóttir fyrir hönd USVH. Ungmennaráðið fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið en nýtir samfélagsmiðla og aðra tækni til skrafs og ráðagerða. Ýmis verkefni koma á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi og í tengslum við verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ungmennaráðsins hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, sem haldin hefur verið árlega í níu ár, og Umræðupartý UMFÍ.



UMRÆÐUPARTÝ UMFÍ

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólk—sins (EUF) til að standa fyrir fundum ungs fólks og ráðamanna innan ungmennafélags-hreyfingarinnar. Markmið verkefnisins var að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélags-hreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. UMFÍ hvetur sambandsaðila til að kalla ungmenni oftast að borðinu þegar ákvarðanir, sem snerta ungt fólk, eru teknar.

FORVARNARDAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frum—kvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og

Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

SKINFAXI OG ÚTGÁFUMÁL UMFÍ

Fjögur tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2018. Efni Skinfaxa hefur í meiri mæli snúist um ýmis ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá einstökum félögum. Aðdraganda stórra viðburða fá þeir sérstaklega mikið rými.

Skinfaxi er sendur til áskrifenda og stjórnar og stjórnenda inna UMFÍ um allt land er er auk þess dreift í sundlaugar og íþróttamiðstöðvar auk þess sem blöðin eru fánleg á bensínstöðvum.

Einnig er hægt að lesa Skinfaxa á PDF-formi á vef UMFÍ. Slóðin er: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

FRÉTTABRÉF UMFÍ

UMFÍ sendi út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti. Á póstlista eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórnar, fjölmiðlafólk og hagsmunaaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda línu á umfi@umfi.is

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri UMFÍ er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Æskulýðsvettvangsins auk Landssambands eldri borgara, Fræðsla og forvarnir (FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV).

SAKAVOTTORÐ

Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika. Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem við-komandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsidóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota.

A woman with long blonde hair and a young boy with short blonde hair are seen from behind, sitting on a wooden bench. They are both wearing red t-shirts. The woman's shirt has the text "Sjáumst á Hornafirði 2019" printed on the back. The boy's shirt has a similar design, partially visible. They are looking out over a green field where several people in pink and white shirts are standing. The background shows a grassy field under a cloudy sky.

Sjáumst á
Hornafirði 2019



Fréttapunktur frá ÍSÍ

Formannafundur 2018

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 16. nóvember í Laugardalshöllinni. Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ þrjú mál fyrir fundinn; #églika, persónuvernd (GDPR) og ýmis mál er varða starfsemi íþróttafélaga og lagaumhverfi hreyfingarinnar.

Framtíðarskipulag íþrótta mála

Á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ vorið 2017 var samþykkt að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að ráðstefnu um framtíðarskipulag íþrótta mála með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Samtökum íslenskra sveitarfélaga og

mennta- og menningarmálaráðuneyti. ÍSÍ stóð fyrir slíkri ráðstefnu þann 16. nóvember 2018 í Laugardalshöll og til hennar var boðið stjórnun og starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ, fulltrúum frá sambandsaðilum ÍSÍ, ásamt Íþrótta nefnd ríkisins, fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa. Fundarformið var blanda af þjóðfundi og borgarafundi. Fundarstjóri var Gunnar Jónatansson. Fundurinn tókst afar vel og var almenn ánægja með fyrirkomulagið. Framkvæmdastjórn ÍSÍ mun vinna frekar með afurðir fundarins í aðdraganda Íþróttaþings ÍSÍ í maí 2019.

Heiðurshöll ÍSÍ

Á hófi Íþrótta manns ársins 2018, þann 29. desember, var Hreinn Halldórsson kúluvarpari útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2018 voru 127 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótta- og ungmennta félaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Styrkurinn fyrir árið 2018 var 95 m.kr.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stórukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþrótta starf í landinu enda um byltingu fyrir afrekssíðpróttir að ræða.

Heildarúthlutun ársins 2018 til sérsambanda ÍSÍ er kr. 349.300.000. Er það um 100 m.kr. hækkun frá árinu 2017, en endanlegar tölur vegna ársins 2017 voru 249.116.258. Á vefsíðu ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ má sjá hvernig styrkveitingar skiptast á milli sérsambanda ÍSÍ. Þá hefur Afrekssjóður ÍSÍ gefið út skýrslu vegna ársins 2018 þar sem má finna fróðleik um starfsemi sjóðsins og áherslur.



Ólympísk verkefni

Á árinu 2018 sendi ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni. Vetrarólympíuleikarnir í PyeongChang í Suður-Kóreu fóru fram 9.-25. febrúar. Ísland átti fimm keppendur á leikunum, í alpagreinum og skíðagöngu.

Ólympíuleikar ungmenna í Buenos Aires í Argentínu fóru fram 6.-18. október. Ísland átti níu keppendur á leikunum, í fimleikum, frjálsíþróttum, golfi og sundi. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sigraði í 200m hlaupi og er það í fyrsta sinn sem að íslenskur keppandi vinnur til gullverðlauna á leikum á vegum Alþjóðáólympíunefndarinnar.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almennings-íþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynningu um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir isiiceland. Á Vimeo-síðu ÍSÍ (<https://vimeo.com/user33366809>) er að finna efni frá ráðstefnum og fræðsluviðburðum og ÍSÍ gefur bæði út fréttablað á Issuu-síðu sinni (<https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands>) og veffréttabréf sem dreift er með tölvupósti. Á myndasíðu ÍSÍ er að finna bæði nýjar og gamlar myndir úr starfi sambandsins og sambandsaðila (<http://myndir.isi.is/>).

Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvakerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttu iðkendur á Íslandi og skráningu á aðalstjórnnum félaga og deilda ásamt þjálfurum þeirra. Skila þarf starfsskýrslum árlega til ÍSÍ í gegnum Felix.

Innleiðing nýrra persónuverndarlaga

ÍSÍ og Advice Advania hafa í samvinnu útbúið leiðbeinandi innleiðingarpakka fyrir íþróttahreyfinguna vegna nýrra persónuverndarlaga, til að einfalda það verk sem hver sambandsaðili og íþróttafélag þarf að vinna og lágmarka kostnað íþróttahreyfingarinnar við verkefnið. Kynningar- og fræðslufundir hafa verið haldnir vegna innleiðingarinnar.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2018 var haldinn þann 3. október.



Þróun og fræðsla

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttapátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útrentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

Vertu með!

ÍSÍ og UMFÍ hafa unnið saman að því að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi, bæði með útgáfu á bæklingi og úthlutun fimm styrkja til íþróttahéraða og íþrótt-

félaga til að standa fyrir verkefnum sem hvetja börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttastarfi.

Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháisku og filippseyksku og markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna

Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem



hlýst af íþróttaiðkun umfram þann líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Heimasiða verkefnisins er www.synumkarakter.is, einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter.

Þjálfaramenntun

Þjálfaramenntun ÍSÍ fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. ÍSÍ sér um almenna hluta fræðslunnar, en sérhæfingin er í höndum sersambandanna.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í ellefta sinn 31. janúar - 20. febrúar. Þátttakendur voru um 16.000 að þessu sinni á 505 vinnustöðum í 1.628 liðum. Skráðir voru 166.284 hreyfidagar og 12.978.038 hreyfiminútur. Hjólað í vinnuna fór fram í sextánda sinn 2. - 22. maí. Þátttakendur voru 4.243 talsins.

Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ fór fram þann 2. júní um allt land. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis. Göngum í skólann fór fram 5. september – 10. október. 75 skólar tóku þátt að þessu sinni og var það metþátttaka Íþróttavika Evrópu fór fram 23. - 30. september og hófst með #BeActive deginum sem haldin var í Laugardalnum þar sem hinar ýmsu íþróttagreinar og hreyfing var til kynningar og prufu.

Heilsuefning eldri aldurshópa

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum nefnd um íþróttir 60+. Markmiðið með nefndinni er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir átaksverkefnum eftir atvikum

Lyfjaeftirlit Íslands

Í júní fór fram stofnfundur Lyfjaeftirlits Íslands, séreignarstofnunar ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með tilkomu Lyfjaeftirlits Íslands fluttist lyfjaeftirlit úr höndum ÍSÍ yfir á stofnunina.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

Norræna skólahlaupið breyttist í Ólympíuhlaup ÍSÍ

Norræna skólahlaupið hefur farið fram í grunnskólum landsins óslitið frá árinu 1984 og lengstan hluta þess tíma verið í umsjón ÍSÍ. Á síðustu árum hefur Ísland verið eina þáttökupjóðin á Norðurlöndunum og nafn hlaupsins því ekki endurspeglað verkefnið. ÍSÍ ákvað því að breyta nafni hlaupsins og varð Ólympíuhlaup ÍSÍ ofan á. Verkefnið hefur nú fengið nýtt merki og viðurkenningaskjölin skarta nýju útliti. Þátttaka íslenskra grunnskólanemenda hefur verið mjög góð og almenn í gegnum árin en hefur náð nýjum hæðum á undanfórnum árum. Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er eins og áður leitast við að hvetja nemendur skóla til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Siðareglur ÍSÍ

Í kjölfar #églíka frásagna íþróttakvenna snemma á árinu 2018 var ákveðið að endurskoða siðareglur ÍSÍ, líkt og flest annað fræðsluefni ÍSÍ. Bryndís Valsdóttir siðfræðingur aðstoðaði ÍSÍ við endurskoðun á reglunum og haft var samráð við umboðsmann barna við gerð reglnanna. Siðareglurnar má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.



Jafnréttismál

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem viðust-um skilningi sé gætt. ÍSÍ hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætla“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSÍ heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara. Skjölin má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.

Betra félag

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að myndböndum í tengslum við verkefni sem kallast Betra félag. Á vefsíðu ÍSÍ má finna ýmsar upplýsingar er varða skipulagslega þætti íþróttafélags, sersambands og héraðssambands, t.d. stofnun íþróttafélags, hlutverk stjórna, samskipti við fjölmiðla, hvernig á að skrifa fréttatilkynningu, halda blaðamannafund, gátlisti o.fl. Eitt það mikilvægasta við skipulag íþróttafélags, sersambands og héraðssambands er að skrásetja söguna og vita hver tilgangur og hlutverk þeirra er.

Þjálfarastyrkir ÍSÍ

Þjálfarastyrkir ÍSÍ eru veittir íþróttþjálfurum sem sækja sér menntun erlendis í formi námskeiða eða ráðstefna og bæta þekkingu sína í þjálfun, sem mun nýtast íþróttahreyfingunni á Íslandi. Er upphæð hvers styrkjar að hámarki 100.000 krónur. Umsóknarferlið fer yfirleitt fram í september og október ár hvert.



Frá félögunum



Afturelding

Aukaaðalfundur Aftureldingar fór fram 7. Maí 2018 í Vallarhúsi að Varmá.

Aðalstjórn félagsins 2018 – 2019:

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður
Kristrún Kristjánsdóttir, varaformaður
Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri
Haukur Skúlason, ritari
Geriarður Long, meðstjórnandi
Gunnar Skúli Guðjónsson, varamaður
Þórdís Sveinsdóttir, varamaður

Helsu viðburðir úr starfi félagsins 2018:

Árið 2018 var viðburðarríkt í félaginu og frábær árangur náðist í hinum ýmsu íþróttagreinum. Íþróttamaður ársins 2018 var kjörinn Andri Freyr Jónsson knattspyrnumaður og íþróttakona ársins var kjörin Taekwondokonan María Guðrún Sveinbjörnsdóttir, þess má geta að þau voru bæði einnig kjörin íþróttamaður og kona Mosfellsbæjar og erum við í Aftureldingu virkilega stolt af þeim báðum enda miklar fyrirmyndir.

Mikill vöxtur er í félaginu og fjölgun iðkenda er 132 milli ára eða 10,55%, mest er fjölgunin í knattspyrnudeild eða aukning um 111 iðkendur sem gerir fjölgunina þar 26,2%. Slíkri fjölgun fylgja eðlilega vaxtaverkir og erum við mjög spennt yfir fjölnota íþróttahúsi sem verður tekið í notkun á haustdögum 2019, eins er verið að vinna í aðstöðumálum heilðrænt í samstarfi við Mosfellsbæ sem á og rekur mannvirkin.

Það er mikill kraftur um þessar mundir í Aftureldingu og á árinu 2018

bættist ellefta deildin við sem er starfrækt sem hjóladeild í mótun. Á árinu 2018 eignuðumst við nýja íslandsmeistara í nokkrum greinum til að mynda knattspyrnu, karate og taekwondo. Félagið heldur úti meistaraflökkum í Blaki, handknattleik og knattspyrnu. Í blaki spila báðir meistaraflökkar í efstu deild. Meistaraflökkur karla í handknattleik spilar í efstu deild, Olís deildinni og meistaraflökkur kvenna í næstefstu deild, Grill66. Meistaraflökkur karla í knattspyrnu varð íslandsmeistarar í 2. deild 2018 og munu því báðir meistaraflökkarnir spila í næst efstu deild, Inkasso næsta ár. Margir af okkar iðkendum eru að taka þátt í landsliðsverkefnum sem er mikil viðurkenning fyrir þau.

Í annað sinn var haldinn starfsdagur í félaginu þar sem þjálfurum og sjálfbæðaliðum var boðið í Hlégarð til að hlusta á fræðandi og áhuga-verð erindi er snerta okkur öll í íþróttunum svo sem áhrif höfuðhöggs og forvarnargildi skipulagrar íþróttaiðkunnar. Mikil ánægja var með daginn og voru allar æfingar felldar niður þennan dag. Markmið starfsdags er fyrst og fremst að fræða þjálfara og auka félagsleg tengsl milli deilda enda ekki á hverjum degi sem þessum mannauði gefst tækifæri til að hittast öll á sama stað á sama tíma. Við í Aftureldingu erum mjög bjartsýn á framtíðina.



UMFÁ

Aðalfundur UMFÁ var haldinn 15. maí 2018 í Íþróttamiðstöð Álftaness.

Eftirfarandi einstaklinar voru kjörnir í stjórn:

Guðjón Þorsteinsson, formaður
Kjartan Örn Sigurðsson, varaformaður
Einar Georgsson, gjaldkeri
Kristján Jón Jónatansson, ritari
Úlfar Haraldsson, meðstjórnandi
Sveinborg Lovísa Hauksdóttir, varamaður

Ungmennafélag Álftaness er með 6 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, blakdeild, frjálsíþróttadeild,

taekwondodeild og almenningisíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörnunnar og boðið er upp á æfingar í Álftanesslaug auk þess sem iðkendur UMFÁ eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er níunda árið sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Knattspyrnudeildin er sem fyrr langstærsta deildin. Meistaraflökkur karla spilaði í 4. deild og endaði í 4. sæti, sem gaf sæti í 3. deild á komandi tímabili. Meistaraflökkur kvenna spilaði í 2. deild. Stúlkurnar urðu Íslandsmeistarar innanhúss eftir sigur á Breiðabliki í úrslitaleiknum.

Blakdeild UMFÁ tók yfir allt blakstarf í Garðabænum haustið 2018. Álftanes er með lið í efstu deild karla og kvenna í blakinu auk þess að vera með 6 lið í neðri deildum. Félagið stefnir á að byrja með yngri flokka starf í blaki haustið 2019. Félagið býður sem fyrr upp á Íþróttaskóla barnanna en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu íþróttafræðinga.

Skokkhópur var formlega stofnaður árið 2010. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað í skokkinu og hefur hlaupurum fjölgað umtalsvert á síðustu misserum.

Frjálsar íþróttir hafa fest sig vel í sessi sem íþróttagrein hjá félaginu en þetta er ellefta árið í röð sem félagið býður upp á æfingar í frjálsum íþróttum.

Á haustmánuðum 2015 byrjaði félagið að bjóða upp á æfingar í taekwondo og soo bahk do. Þátttakan hefur góð, bæði hjá börnum og fullorðnum og ljóst að íþróttagreinin er komin til að vera. Deildin fékk nýjan æfingasal til afnota í vetur og er það mikil lyftistöng fyrir starfseminu.

Bogfímifélagið Boginn

Aðalfundur: 15.03.2018.

Astrid Daxböck, formaður
Rúnar Þór Gunnarsson, varaformaður
Ingólfur Rafn Jónsson, gjaldkeri
Gabriela Íris Ferreira, ritari
Einar Hjörleifsson, meðstjórnandi
Gunnar Þór Jónsson og Tryggvi Einarsson, varamenn

Á árinu 2018 hélt Bogfímifélagið Boginn áfram að leggja mikla áherslu á barna- unglingastarf í samstarfi við Bogfímisetrið og afreksstarf ungmenna. Einnig settum við áherslu á árinu að efla Masters flokkinn (50+) árinu.

Barna- og unglingastarfið er í mjög góðum vexti á gæðum þó það mætti vera meiri vöxur á fjölda sem er aðallega vegna skorts á þjálfurum. Boginn bætti m.a. við búnaði fyrir barna- og unglinganámskeiðin



til að bæta aðgengi að góðum búnað til að aðstoða þá við innkomu íþróttina.

Kanadískur bogfimipjálfari og mental coach var með æfingabúðir á vegum Bogans um jólin sem voru mjög vel sóttir.

Meðlimir Bogans tóku Íslandsmeistaratitla í næstu því öllum boga- og aldursflokkeum innandyra og utandyra, og þeir slóu einnig um 40 Íslandsmet á þessu ári, en til þess að vera hreinskiln erum við búin að missa tölu á Íslandsmetum sem Boginn hefur slegið á árinu og fjölda Íslandsmeistaratitla.

Meðlimir félagsins tóku þátt í fjölmörgum mótum erlendis og náðu frábærum árangri.

Tveir meðlimir, Ólafur Ingi Brandsson og Kelea Quinn, unnu 4 medalíur á World Masters Championships í Lausanne, Sviss, og Ólafur var ekki langt frá því að vinna heimsmeistaratitil þegar hann tapaði úrslitaleiknum á móti Svíja.

Tvær stelpur tóku þátt á Evrópubikarmóti ungmenna í bogfimi sem var í fyrsta skipti að Ísland tók þátt á því móti. Á þessu ári fór hópur frá Íslandi í fyrsta skipti á NUM (Norðurmeistaramót Ungmenna í bogfimi) sem var haldið í Larvik, Noregi, og krakkar úr Boganum skoruðu þar framúr. Erla Marý Sigurpáldóttir úr Boganum vann brons í útsláttarkeppni U-21 og Eowyn og Nói voru bæði í top 4 í undankeppni.

Á Evrópumeistaramóti utandyra í Póllandi, voru 2 konur úr Boganum í 3 manna liði, sem komst í fyrsta skipti í lokakeppni í sveigiboga kvenna á EM og Ewa Ploszaj lenti í 17. sæti í trissuboga kvenna og var ekki langt frá því að vinna sæti á Evrópuleika.

Íþróttakona og Íþróttamaður ársins í Bogfimi koma bæði úr Boganum: Eowyn Marie Mamalias (14 ára) og Nói Barkarson (15 ára). Þau slóu fjölda af Íslandsmetum á þessu ári og stóu sig frábærlega á mótum héraðs og erlendis. Þannig að áherslan okkur á barna- og unglinga- starfi er buið að skila góðum árangri.

Guðmundur Örn Guðjónsson úr Boganum tók þátt á Heimsálfudóm-aranámskeið á vegum Heimsálfusambandsins World Archery Europe. Þar náðu hann Heimsálfudómararéttindum sem er frábær árangur enda er hann fyrsti Heimsálfu dómari í bogfimi á Íslandi. Í heildinni eru aðeins 3 Heimsálfu dómarar hjá öllum smáþjóðum í Evrópu í bogfimi.

Ingólfur Rafn Jónsson og Tryggvi Einarsson halda þriðja árið í röð mánaðarlega mótarið Icecup sem nýtur mikilla vinsælda hjá íþróttafólki úr öllum félögum á Íslandi.

Framtíðar markmiðið er að auka gæði og fjölda þjálfara, búnaðar og aðstöðu í félaginu og fjölga meðlimum með sérstaka áherslu á U21 og 50+ flokka, halda yfirburðum á Íslandi og halda áfram að vinna í að sigra heiminn. Einnig er afreksíþróttafólkið okkar á öllum aldri í vandræðum með að greiða niður ferðir sínar með landsliði og því munum við setja áherslu á árinu 2019 að leita að styrkjar möguleikum fyrir þá. Margir úr Boganum munu á árinu 2019 keppa á erlendum mótum um sæti á Evrópuleika og Ólympíuleika, HM, EM ofl mótum og við þurfum að styðja við bakið á okkar afreksfólki. Einnig er eitt mikilvægt markmið okkar að halda góðu samstarfi við önnur félög á höfuðborgarsvæðinu í heildar uppveiti á bogfimi.



DÍK



Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem heldin voru héraðs á árinu. Einnig unnu pör frá DÍK sér inn þátttökurétt til að keppa á Heimsmeistara og Evrópumeistaramótum.

Danspör félagsins unnu nokkra Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitla í meistaraflokkum og fullt af öðrum verðlaunum í öllum flokkum á öllum aldri á mótum vetrarins. Eins fóru pör úr dansskólanum á fjölda móta erlendis með góðum árangri. Má nefna að við áttum pör í úrslitum á Evrópumeistaramóti bæði í flokki undi 10 ára og undir 19. Ára. Dansfélögin í Kópavogi tóku sig saman og héldu saman Dansmót UMSK þann 22. október 2018 í fimmta skipti. Keppnispor frá Dansíþróttafélagi Kópavogs sigruðu stigakeppnina á mótinu.

Foreldrar ásamt stjórn voru með marga viðburði fyrir félagsmenn, jólaböll, sumarhátíð, grímuböll, æfingaferðir og fleira.

Fjáraflanir standa yfir allan ársins hring með sölu á ýmsum varningi og 17. júní á Rútstúni.

Það er árlegur viðburður að keppnispor sjái um dansatriði í Jólagest- um Björgvins við góðar undirtektir.

Meistaraflokkurinn var með æfingabúðir fyrir áramót yfir helgi og yngri pörin voru í æfingabúðum í dansskólanum.

Árleg nemendasýning var haldin í Breiðablikshúsinu í apríl og sýndu allir nemendur dansskólans listir sínar jafnt ungir sem aldnir.

Fannar Kvaran og Fanný Þórarinnssdóttir fengu viðurkenningu fyrir ár- angur sinn í dansi á árinu 2018 frá Kópavogsbæ.



Gerpla



Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 16. ágúst 2018 fyrir starfstímabilið 1. júní 2017 – 31. maí 2018.

Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins:

Harpa Þorláksdóttir, formaður, Atli Þorbjörnsson, Hjalti Ragnar Eiríksson, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Sif Pálsdóttir. Á aðalfundi steig Harpa Þorláks- dóttir til hliðar og fór úr stjórn en Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir tók við formennsku og Heiður Hjaltadóttir kom inn í stjórn Gerplu í stað Hörpu.

Íþróttafélagið Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og hefur það einkennt starfsemi félagsins undanfarin ár. Boðið er uppá fimleika í mismunandi formi fyrir breiðan aldurshóp hvort heldur sem markmiðið er að stunda líkamsrækt eða stefna á keppni í fimleikum. Almenna fimleikadeildin hefur verið að stækka hjá félaginu og þá sérstaklega parkour og hópar sem stunda almenna fimleika sem eru fimleikar án keppni. Haustið 2018 var svo aukið framboð fyrir fullorðna en núna er hægt að kaupa klippikort og stunda fjölbreytta hreyfingu í mismunandi námskeiðum. Ásóknin er mikil í félagið allt árið um kring

og eru enn einhver fjöldi á biðlista þrátt fyrir að Gerpla hafi tekið í notkun nýtt fimleikahús á síðasta ári. Það stafar aðallega af plássleysi og þjálfaraskorti á þeim tímum sem eru vinsælastir það er fyrir klukkan 17:00 á virkum dögum.

Deildarstjórnir í félaginu sjá um að gæðastýra sínum deildum og fylgja eftir þjálfun hópa og samhæfa á milli hópa og deilda. Áherslan í þjálfarateyminu síðasta árið hefur verið að veita jákvæða endurgjöf til iðkenda og reyna að efla áhugahvötina. Í svona stóru félagi er mikilvægt að allir finnist þeir tilheyra heildinni og vera hluti af hóp.

Það var mikil gleðistund þegar Kópavogsbær vígði nýtt og glæsilegt íþróttahús við Vatnsendaskóla í maí 2018 en það hús var byggt með þarfar hópfinleika í huga og fluttist hópfinleikadeildin nánast alfarið yfir í Vatnsenda síðasta haust. Við það stækkaði hópfinleikadeildin um rúm 10% og liður þeim vel á nýjum stað og æfa við bestu aðstæður. Það fylgir því áskorun að vera með starfsseminu á tveimur stöðum eftir að hafa verið undir sama þaki frá upphafi. Því fylgir söknuður en tækifærin eru óþrjótandi sem er mikilvægt að nýta sem best. Starfsmenn og þjálfarar eru spennt að sjá hvernig fyrsti veturinn í tveimur húsum á eftir að koma út.

Líkt og undanfarin ár hefur Gerpla verið mótshaldari fyrir hönd Fimleikasamband Íslands og var það með sambærilegum hætti þetta starfsár. Iðkendur Gerplu unnu til fjölda verðlauna og tóku þátt á fjölmörgum mótum bæði á vegum FSÍ sem og á millifélagamótum en einnig á erlendri grundu. Þar til viðbótar átti Gerpla keppendur með landsliðum Íslands í áhaldafimleikum og hópfinleikum bæði í full-orðins- og unglingaflokkum. Gerpla hampaði Íslandsmeistararitlum í fullorðinsflokki hópfinleika karla sem og í kvennaflokki á tveimur áhöldum af þremur. Í áhaldafimleikum unnust Íslandsmeistararitlar í karlaflokki sem og í unglingaflokki karla og Gerpla er handhafi bikarmeistararitla í karla og kvennaflokki í áhaldafimleikum. En fjölmargir titlar unnust einnig í yngri flokkum félagsins.

Gerpla leggur mikið uppúr öryggi í salnum og er reglulegt eftirlit með tækjum og áhöldum sem notuð eru við æfingar og keppni. Eftir að hópfinleikarnir fluttust upp í Vatnsenda gafst tækifæri til að endurskipuleggja Versali með þarfar áhaldafimleika í huga og eru allir mjög sáttir við þá breytingu.

Vorsýning félagsins var á sínum stað en hún var haldin venju samkvæmt fyrstu helgina í júní. Heiti sýningarinnar 2018 var Leitin að Skellibjöllu. Rákel Másdóttir og Gunnur Líf Gunnarsdóttir voru sýningarstjórnir og voru þær stórkostlegar í sínum hlutverkum. Sýningin var hin glæsilegasta og var fullt hús á öllum sýningum.

Sumarstarfið var hið blómlegasta sumarið 2018 en iðkendafjöldi á sumarnámskeiðum hefur aldrei verið jafn mikill en aukningin var rúm 40% á milli ára. Heilsdags sumarnámskeiðin voru bæði keyrð í Vatns-

enda og Versölum. Keppnishópar æfðu út júní og byrjuðu aftur í ágúst. Gott ár að baki í Gerplu.



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG)

Aðalfundur haldinn: 29. nóvember 2018



Stjórn GKG 2018:

Guðmundur Oddsson, formaður
Þorgerður Jóhannsdóttir, varaformaður
Ragnheiður Stephensen, ritari
Sigurður Kristinn Egilsson, gjaldkeri
Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi
Gunnar Jónsson, meðstjórnandi
Ingibjörg P. Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Jón K. Baldursson, meðstjórnandi
Sigmundur Einar Músson, meðstjórnandi

Markvert úr starfi félagsins 2018

Meistaramót GKG var haldið í 25. sinn í sumar og urðu þau Árný Eik Dagsdóttir og Alfreð Brynjar Kristinsson klúbbmeistarar í meistara-flokki. Alfreð vann titlinn í 5. sinn, eða oftast en nokkur annar.

Af hápunktum sumarsins má nefna að Birgir Leifur Hafþórsson keppti með landsliði atvinnumanna í Evrópumóti sem fram fór á Gleneagles vellinum í Skotlandi þar sem íslenska liðið varð Evrópumeistari í blandaðri liðakeppni. Birgir Leifur hlaut silfurverðlaun á því móti í karlaflokki. GKG kylfingar höfðu fjórum Íslandsmeistararitlum s.l. sumar í unglingaflokkum. Keppt var í golfi í fyrsta sinn á Ólympíuleika unglinga í Argentínu og kepptu Hulda Clara Gestsdóttir og Ingvar Andri Magnússon fyrir Íslands hönd og stóðu sig bæði með sóma.

Inni- og félagsaðstaða GKG er trúlega sú besta sem fyrirfinnst á landinu og mun skila félaginu betri iðkendum til framtíðar. GKG hefur í gegnum árin verið með öflugasta unglingastarfið á landinu og við erum staðráðin í að halda þeirri stöðu áfram. Í sumar voru tæplega 500 börn á leikjanámskeiðum hjá okkur og er það svipaður fjöldi og síðustu ár.

Vel er haldið á fjárhag GKG en rekstur ársins var þó undir væntingum. Skipti sköpum vætutiðin megnið af sumrinu og hafði það áhrif á tekjuröflun klúbbsins. Eignamyndun klúbbsins hefur verið mikil síðustu árin og þar munar mest um nýja skálann.

Þegar allt er metið sést þóttmikið starf innan félagsins. Þar hjálpast að almennir félagar og stór hópur sjálfbæðaliða í þeirra röðum, hæfileikaríkt íþróttafólk og dugmikið starfsfólk. Fyrir það viljum við þakka.



Íþróttafélagið Glóð

Stjórn félagsins:

Margrét Björnsdóttir, formaður
Þórdís G. Bjarnadóttir, gjaldkeri
Sigríður Björnsdóttir, ritari
Lovísa Jónsdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Fanney Júlíusdóttir, meðstjórnandi
Varamenn:
Sigríður Bjarnadóttir
Petrína Ragna Pétursdóttir

Aðalfundur Íþróttafélagsins Glóðar var haldinn 30. janúar 2019.

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2018.

Vetur:

Æfingar á vetrarönn byrjuðu í janúar.

Boccia var æft tvisvar sinnum í viku og ringó einu sinni í viku. Æfingar fóru fram í Íþróttasal Kópavogsskóla og í Íþróttahúsinu Digranesi.

Hinu formlega vetrarstarfi lauk í maí.

Sumar:

Glóð hefur til afnota góðan þúttvöll á sumrin í Kópavogsdal. Æft er tvisvar í viku, byrjað er í júní og endað í lok ágúst. Þátttaka hefur verið góð. Þetta er góð samvera félaga á fallegum stað og er völlurinn þó nokkuð notaður og á notkun hans örugglega eftir að færast í aukana.

Haust:

Æfingar á haustönn byrjuðu í september.

Boccia var æft tvisvar sinnum í viku og ringó einu sinni í viku. Æfingar

fóru fram í íþróttasal Kópavogsskóla og í Íþróttahúsinu Digranesi. Hinu formlega hauststarfi lauk um miðjan desember. Töluverð aukning hefur orðið á iðkendum sem æfa reglulega. Starfsemin var kynnt og auglýst í félagsmiðstöðunum Gjabakka, Gullsmára og Boðanum. Einnig hefur Glóð auglýst vel starfsemi sína í bæjarblöðum Kópavogs og á facebook síðu sinni „Íþróttafélagið Glóð“. Íþróttafélagið Glóð tók á árinu þátt í ýmsum keppnum í boccia og ringói:

Boccia:

Í október var keppt á bocciamóti á Akranesi.

Ringó:

Í mars var keppt á ringómóti í Borgarnesi í boði UMSB.

Í apríl var keppt á ringómóti á Hvolsvelli.

Í nóvember var keppt á ringómóti að Varmá í Mosfellssveit í boði FaMos. Það voru tvö lið frá Glóð sem tóku þátt.

Ringó er að eflast til muna hjá félaginu enda er það skemmtileg íþrótt. Ringó er styrktarþjálfun sem er sérstaklega mikilvæg fyrir fólk sem tekið er að eldast til að viðhalda styrk og sjálfstæði. Sterkir fætur forða falli. Vöðvarýrnun í neðri hluta líkamans er ein ástæða þess að jafnvægið minnkar og verður þá meiri hætta á því að detta. Því er styrktarþjálfun af þessu tagi frábær forvörn og stuðlar að farsælli öldrun. Glóð tók þátt í landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið var á Sauðárkróki í júlí. Ekki var um skipulagða ferð á vegum Glóðar en það voru nokkrir Glóðarfélagar á mótinu og eitt lið keppti í ringó.

Í október var haldinn fræðslufundur um ræktun á líkama og sál með gleði og jákvæðni að leiðarljósi. Fundurinn var mjög vel sóttur.

Ný íþrótt „**KROLF**“ hefur verið kynnt á starfsárinu. Þetta er ný íþrótt sem ætluð er fyrir aldurshópið 50+. Erfitt er að spila hana inni við því að sérstök göt þurfa að vera á gólfum íþróttahúsa fyrir greinina. Reynt verður að spila úti við í sumar ef völlum fæst.

Stjórn Glóðar hefur talsvert rætt um frístundastyrk fyrir 67 ára og eldri í Kópavogi.

Þann 27. október 2017 var sent bréf til bæjarráðs Kópavogs og íþróttaráðs Kópavogs þar sem farið var fram á að koma nú þegar á frístundastyrk fyrir 67 ára og eldri, sambærilegum við það sem nú er fyrir börn 5-18 ára. Í málefnaþingi meirihluta bæjarstjórnar Kópavogs 2018-2022 setndur m.a. „Heilsuefning eldra fólks innleidd m.a. með íþróttastyrk“. Við höfum þó náð að koma þessu máli inn í málefnaþinginn! Vonandi verður settur kraftur í þetta málefni hjá Kópavogsbæ.

Kópavogi 12. febrúar 2019

Margrét Björnsdóttir,

Formaður Íþróttafélagsins Glóðar



Golfklúbbur Mosfellsbæjar



Aðalfundur GM fór fram þann 28. janúar síðastliðinn.

Eftirfarandi sitja í stjórn:

Kári Tryggvason formaður

Aðrir í stjórn eru eftirfarandi: Guðjón Karl Þórisson, Írunn Ketilsdóttir, Steinþór Pálsson, Auður Ósk Þórisdóttir, Ragnheiður Ríkhardsdóttir og Siggeir Kolbeinsson.

Þá er rekstrarárinu 2017 – 2018 lokið. Mögulega verður þessa rekstrarárs helst minnst sem eins blautasta árs í sögu golfs í Mosfellsbæ en sem betur fer var það ekki einungis rýsjótt tíðarfar sem vert er að minnast.

Árið var fyrsta heila rekstrarárið í nýrri félagsaðstöðu GM við Hlíðavöll – Kletti. Það er óhætt að segja að þetta húsnæði hafi breytt miklu í félagsstarfi klúbbsins og ekki síður fyrir daglegan leik félagsmanna. Þjónustukönnun sem gerð var í lok tímabils sýndi líka mikla ánægju með veitingar og aðbúnað og eru greinileg merki um þær breytingar sem átt hafa sér stað á síðustu 2 árum.

Kylfingar ársins voru valdir og var Arna Rún Kristjánsdóttir valin kylfingur ársins árið 2018 kvenna megin. Hún sigraði á fyrsta móti ársins á Eimskipsmótaröðinni og lék vel í allt sumar. Arna Rún er nú á fyrsta ári í háskólagolfinu í Bandaríkjunum þar sem hún leikur með Grand Valley University. Björn Óskar Guðjónsson var valin karlkylfingur ársins árið 2018. Björn lék frábært golf í sumar og var valinn í landslið Íslands sem lék á Evrópumóti landsliða í júlí. Björn Óskar hafnaði í 2. sæti í Íslandsmótinu í högggleik eftir ævispennandi einvígi við atvinnukylfingana Axel Bóasson og Harald Franklín. Björn er núna á öðru ári í háskólagolfinu þar sem hann leikur með Louisiana Lafayette.

Meistaramótið var á sínum stað í byrjun júlí. Góð þátttaka var í mótinu og annað árið í röð fjölgaði keppendum. Klúbbsmeistarar voru krýndir Kristján Þór Einarsson og Heiða Guðnadóttir og voru þau að sigra ann-

að árið í röð. Bæði Kristján og Heiða léku gott golf og unnu nokkuð sannfærandi. Mikil og góð stemming einkenndi alla meistaramótsvikuna að vanda en stuðni náði hámarki í frábæru lokahófi á laugardagskvöldinu. Meistaramót GM er viðburður sem enginn félagsmaður á að láta fram hjá sér fara.

Aðalfundur GM fór fram þann 28. janúar síðastliðinn. Á fundinum var Kári Tryggvason endurkjörinn formaður GM en aðrir í stjórn eru eftirfarandi: Guðjón Karl Þórisson, Írunn Ketilsdóttir, Steinþór Pálsson, Auður Ósk Þórisdóttir, Ragnheiður Ríkhardsdóttir og Siggeir Kolbeinsson.



GO



Síðasti aðalfundur var haldinn 4. desember 2018

Stjórn Odds starfsárið 2017-2018:

Elín Hrönn Ólafsdóttir: formaður

Einar Geir Jónsson varaformaður

Berglind Rut Hilmarisdóttir ritari

Halla Hallgrímsdóttir gjaldkeri

Kári Sölmundarson meðstjórnandi

Auðunn Örn Gylfason varamaður

Sigurður I. Halldórsson áheyrnarfulltrúi GOF

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2018:

Þó veðrið hafi ekki leikið kylfinga vel þetta sumarið þá var árið var í marga staði hefðbundið og ýmislegt sem gert var til að létta lund kylfinga. Við áttum 25 ára afmæli á árinu og því einkenndist starfsárið að því að gera þeim tímamótum hátt undir höfði. Við höldum þrjú afmælisgolfmót á árinu og veglega afmælisveislu ásamt því að standa fyrir fjölmennustu afmælisgolfferð í sögu klúbbsins. Skemmtileg viðbót við almennt starf golfklúbbsins voru vikulegar gönguferðir yfir vetrarmánuðina. Fjölbreytileiki í félagsstarfi er mikilvægur og hægt að kynna sér almenna starfsemi klúbbsins og nefnda á heimasíðu okkar. Það hefur sannað sig á síðustu árum að mikilvægi þess að geta boðið

góða aðstöðu allt árið er mikilvægur hlekkur í því að binda alla starfsemi golfklúbbsins saman. Við höfum þurft að leita í önnur hús en okkar eigin undanfarin ár og ljóst er að það hefur dregið úr fjölgun í æfingastarfi og rekstrarumhverfi okkar er ekki að öllu leiti samkeppnishæft við nágrannaklúbba okkar. Þessi þróun er því miður ekki góð og það er því okkar verkefni að vinna að uppbyggingu á heilsársaðstöðu innan okkar golfsvæðis og með því ættum við að geta stutt vel við þá byggð sem er að rísa upp við hlið golfvallarins ásamt því að félagsmenn GO og aðrir sem okkur vilja heim sækja geta nýtt sér þá þjónustu og um leið notið hinnar stórkostlegu náttúru sem umleikur golfvöllinn. Á árinu klárudust framkvæmdir við byggingu vélageymslu og tengingu á nýrri borholu sem eru vissulega stór skref fyrir okkar klubb. Vinna að stækkun Urriðavallar heldur áfram. Landeigandi hefur unnið í nokkurn tíma að nýju deiliskipulagi fyrir allt svæðið með það að markmiði að gera það að allsherjar útivistarsvæði þar sem golfvöllur og golfleikur skipar öndvegi. Til að hægt sé að teikna gönguleiðir er nauðsynlegt að fyrirkomulag nýrra golfbrauta sé ákveðið áður svo ekki komi til óþarfa skörunar. Golfvallararkitektinum Edwin Roald hefur verið úthlutað það verkefni að vinna að hugmyndum um staðsetningu nýrra hola vegna fyrirhugaðrar stækkunar um 9 brautir. Verkefnið er viðamiklið enda er hér um að ræða framtíð Golfklúbbsins Odds um ókomna tíð. Tenging við nýja byggð og fyrirkomulag vegna stækkunar byggðar eru viðamiklir áhrifaþættir. Golfklúbburinn Oddur horfir því fram á spennandi tíma og við erum fullviss um að framtíðin er björt og að hér muni fleiri njóta svæðisins með okkur í framtíðinni.



Hnefaleikafélag Kópavogs 2018

Í stjórn Hnefaleikafélags Kópavogs eru:

Karen Ósk Nielsen formaður, Rúnar Svavarsson varaformaður, Hjörleifur Halldórsson stjórnarmaður.

Árið gekk mjög vel hjá félaginu og gríðarlega góður árangur náðist í keppnum hérlandis og erlendis. Fimm Íslandsmeistarátitlar unnust

á árinu og var Emin Kadri valinn besti boxari Íslandsmeistaramótsins. Þrír keppendur úr Hnefaleikafélaginu Kópavogs tóku þátt fyrir hönd Íslands á alþjóða ólympíumótinu Boxam á Spáni enn þar eru þeir fremstu í hnefaleikum frá 12 þjóðum. Emin Kadri komst í úrslit á Spáni og sigraði örugglega og varð því fyrsti Íslendingurinn til að vinna til verðlauna á alþjóðamóti í hnefaleikum. Seinna á árinu varð Emin Kadri Eminsson valinn besti boxari Íslands af Hnefaleikanefnd Íslands. Félagið hélt á árinu sitt fyrsta alþjóðamót enn þá komu hnefaleikamenn frá Bretlandi og Írlandi í Kópavoginn og heppnaðist viðburðinn gríðarlega vel.

Félagsmönnum heldur áfram að fjölga og er mikill gróska í barna og ungmenntastarfi félagsins.

F.h Hnefaleikafélag Kópavogs
Rúnar Svavarsson



Hestamannafélagið Hörður

Aðalfundur félagsins var haldinn 24. október 2018.

Í stjórn félagsins sitja: Hákon Hákonarson formaður, Erna Arnarsdóttir ritari, Ragnhildur Traustadóttir gjaldkeri, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gígja Magnúsdóttir, Haukur Nielsson, Ólafur Haraldsson, Kristinn Már Sveinsson og Rúnar Guðbrandsson. Thelma Rut Davíðsdóttir er áheyrnarfulltrúi unga fólksins.

Fundað hefur verið reglulega með formönnum hestamannafélaganna á Höfuðborgarsvæðinu.

Haldnir voru 17 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu og funduð nefndir reglulega um sín málefni. Tengiliður stjórnar situr í flestum nefndum félagsins. Reglulega fundaði formaður, stjórnarmenn og nokkrir formenn nefnda með starfsmönnum Mosfellsbæjar.

Hestamannafélagið efndi til félagsfundar þar sem stefnumótun félagsins til næstu 15 ára var mótuð. Verið er að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir félagið til sama tíma eða til 15 ára. Sú áætlun er unnin í samvinnu við Mosfellsbæ. Ráðinn var framkvæmdastjóri til félagsins í

hlutastarf og var það löngu orðið tímabært.

Benedikt Ólafsson og Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir voru kjörin íþróttakarl og íþróttakona Harðar 2018 og óskum við þeim innilega til hamingju með þann titil.

Hörður og FMOS voru áfram í samstarfi og er skólinn að leigja reiðhöllina undir verklega kennslu. Stjórnarmenn sitja jafnframt í vinnuhópi skólans varðandi kennsluna. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri leigir höllina veturinn 2018 – 2019 undir kennslu í Reiðmanninum.

Búið er að stækka kerrustæði félagsmanna og var það samvinnuverkefni Harðar og Félags hesthúseigenda

Umhverfisnefnd Harðar sá um að skipuleggja hreinsunardag samkvæmt venju. Gengnar voru allar reiðleiðir í nágrenninu og týnt rusl. Eftir hreinsunina var boðið í grill í reiðhöllinni.

Í maí var Formannsfrúarreið farin um Hólmsheiði í Mosfellsbæ. Þar mættu tæplega 50 konur úr Herði og endað var á mikilli veislu í Harðarbóli.

Yfir 100 manns sóttu reiðnámskeið á vegum fræðslunefndar veturinn 2017-2018. Boðið var upp á mörg mismunandi námskeið.

Síðastliðinn vetur gekk vel hjá fræðslunefnd fatlaðra og alltaf bæstast fleiri þátttakendur í hópinn. Fjöldi sjálfbóðaliða hjálpuðu til við að láta þetta ganga upp. Nú í haust erum við með 7 námskeið í gangi alla daga vikunnar nema á sunnudögum. Erum við með 5 nemendur í senn en svo er einn hópur á fimmtudagsmorgnum (MS sjúklingar) sem eru 10 saman þannig að þetta haustið erum við með 40 nemendur.

Stjórn félagsins er ánægð með rekstrarafkomu ársins og við lítum björtum augum til næsta árs. Félagið er í góðum samskiptum við Mosfellsbæ, skólana í Mosfellsbæ og önnur íþróttafélög. Við leitum til þeirra og þeir til okkar með hin ýmsu mál, því það er horft til þess að Hestamannafélagið Hörður er fyrirmyndar félag innan ÍSÍ.

Hvíti Riddarinn

Við höldum aðalfund þann 17. september síðast liðin árið 2018.

Í stjórn sitja: Hanna Símonardóttir sem framkvæmdarstjóri, Agnar Freyr Gunnarsson sem formaður, meðstjórnendur eru Sóley Rut Prastardóttir, Hafdís Sæland, Guðmundur Kristinn Pálsson og Sindri Snær Ólafsson.

Markmið stjórnarinnar er að reka liðið í plús á komandi leiktið.

Félagið sendir lið til keppni í meistaraflokki Karla og Kvenna.

Það er stefna félagsins að komast í úrslitakeppni í 4. deild karla í sumar



eftir að hafa ekki komist í úrslitakeppnina árið 2018. Félagið leggur áherslu á að veita ungum strákum í bland við reynslumeiri leikmenn vettvang til þess að þroskast sem leikmenn.

Markmið félagsins kvennamegin er að halda áfram að byggja upp lið sem er byggt uppá ungum stelpum sem eru að taka sín fyrstu skref í meistaraflokksfótbolta í bland við reynslumeiri stelpur sem vilja halda áfram að keppa. Mikilvægast er þó að gaman sé á æfingum og hópurinn sé samrýmdur. Félagið er rekið á æfingargjöldum, styrkjum frá bæjarfélagi og fyrirtækjum.

Fyrir hönd Hvíta Riddarans Agnar Freyr Gunnarsson Formaður



Dansfélagið Hvönn

Dansfélagið Hvönn er staðsett í Kórnum og er elsta starfandi Dansfélag landsins.

Síðasti Aðalfundur var haldinn í júní 2018

Voru þar kosnir nýir varamenn í stjórn.

Lilja Rut Þórarinsdóttir Aðstoðarskólastjóri

Íris Anita Hafsteinsdóttir Þjálfari.

Fyrir voru í stjórn:

Hafsteinn Örn Guðmundsson, Formaður

Aldís Gunnarsdóttir, Framkvæmdastjóri

Örvar Möller. Varaformaður

Hildur Ýr Arnardóttir, Skólastjóri

Tinna Karen Guðbjartsdóttir, Ritari.

Skyndileg veikindi Hafsteins í janúar urðu til þess að kosning var haldin og Íris Anita Hafsteinsdóttir gegnir nú stöðu Formanns þar til Hafsteinn nær fyrri heilsu og getur sinnt sínum fyrri störfum ef áhugi og heilsa leyfa.

Hvönn hefur unnið náðið með Kópavogsbæ og ber þar hæðst að nefna Tuff verkefnið. Þar sem stefnt er að öll börn þá sérstaklega nýbúar nýti íþróttir til að komast inn í samfélagið.

Við sendum þrjá kennara/þjálfara í vinnustofur og hlakkar okkur óskaplega að takast á við þetta nýja verkefni.

Hafandi Pólska túlka innaborðs hjá Hvönn þá nýttum við okkur þetta og buðum yngri börnum að koma. Þetta hefur tekist vonum frammar og við erum spennt að vinna þetta verkefni með Kópavogabæ.

Einnig hefur samstarf Hvannar að leiða dans og leik inni starf og tómstundir fatlaðra tekist afar vel til og erum við stolt af öllum nemendum okkar.

Sendum við tvö pör á Norðurevrópu mótið. Þar sem unglingaparið okkar komast í 12 para úrslit í báðum greinum. 9 ballroom. 11. Latin Yngri parið tók 2. latin og 3 sætið í ballroom

Adrian Romanowski og Rebekka Ýr voru einnig að fá viðurkenningu frá Kópavogsbæ fyrir framúrskarandi árangur í sinni íþróttagrein og aldursflokki.

Fyrir hönd Hvannar

Iris Anita Hafsteinsdóttir Formaður

Aldís Gunnarsdóttir Framkvæmdastjóri

Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi



Aðalfundur Íþróttafélags aldraðra í Kópavogi 2018

var haldinn í Digraneskirkju 3. apríl.

Stjórnin kosin óbreytt:

Formaður: Hörður Þorleifsson

Gjaldkeri: Margrét Loftsdóttir

Ritari: Ragna Guðvarðardóttir

Meðstjórnendur: Sæunn Þorleifsdóttir

Vigdís Jack.

Endurskoðandi reikninga: Guðrún Guðnadóttir,

Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og áður á jarðhæð Digraneskirkju. Leikfímistíminn byrjar kl. 11 f.h. og stendur í 40 mínútur, þriðjudaga og fimmtudaga. Mánaðargjald er óbreytt, 1.500 krónur. Eftir leikfímistímann á þriðjudögum tekur þorri félaganna þátttöku í kirkjustarfi aldraðra í Digraneskirkju.



Vorönn hófst 9. janúar og lauk 17. maí. Haustönn hófst 6. september og lauk 18. desember. Á vorönn voru 34 tímar og á haustönn 30. Fleiri mæta á þriðjudögum en fimmtudögum, sennilega vegna kirkjustarfsins. Meðaltal mætingar var 28 og 23. Besta mæting var 40 og um 30 í 10 tímum á vorönn og í 18 tímum á haustönn. Veikindi og sólalandaferðir hafa áhrif á mætingu.

Í tímum er mikil áhersla lögð á upphitun, síðan alhliða hreyfingu með áherslu á axlir og aðra liði auk þjálfunar vöðva og teygjur. Þjálfari félagsins er Fannar Karvel Steindórsson íþróttafraeðingur sem hefur þjálfað okkur á áttunda ár. Frá ársbyrjun hefur Margrét Grétarsdóttir íþróttþjálfari verið með okkur 8 sinnum og Steinunn Helga Björgólfsdóttir íþróttafraeðingur þrisvar sinnum.

Nýir félagar eru 11. Tveir létust á árinu. Nú eru skráðir félagar 99. Þar af eru 76 virkir.

Vorferð var farin ásamt kirkjustarfinu á Njáluslóðir og haustferð félagsmanna var farin að Hvolsvelli til að kynna Eldfjallasafninu.

Kveðja stjórnar Í.A.K.

Kraftmos

Árið 2018 var gott ár hjá okkur í Mosfellsbænum, keppendur okkar stóðu sig frábærlega og í fyrsta skipti áttum við keppenda á alþjóðlegum stórmótum.

Við höldum úti tveim íþróttagreinum bæði Olympiskum Lyftingum og Kraftlyftingum, Við höfum um 100 fermetra aðstöðu í Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Það hefur verið unnið gott kynningarstarf þar sem ungir krakkar læra undirstöðu atriði bæði í Kraftlyftingum og Olympiskum lyftingum. Hjalti Árnason hefur séð um þjálfun í Kraftlyftingum og Guðmundur Sigurðsson séð um Olympískar Lyftingar.



Árið byrjaði á því að Arna Ösp Gunnarsdóttir náði í bronsverðlaun á Reykjavíkurlæðingunum sem er alþjóðlegt Stórmót.

Íslandsmótið í Klassiskum Kraftlyftingum 18. mars 2018. Reykjavík.

Arna Ösp varð Íslandsmeistari í Klassiskum Kraftlyftingum í 63 kg flokki og setti Íslandsmet í réttstöðulyftu. Friðbjörn Bragi Hlynsson varð Íslandsmeistari í 83 kg flokki og setti líka Íslandsmet í Réttstöðulyftu. Bjarni Páll Pálsson var 4 en tvíbætti Íslandsmetið í réttstöðulyftu í 74 kg flokki..

Bikarmótíð í Klassiskum Kraftlyftingum Akranesi 13. nóvember 2018.

Bjarni Páll Pálsson varð annar í 74 kg flokki, þar tvíbætti hann Íslandsmetið í réttstöðulyftu fyrst 237,5 kg og síðan 240 kg Bjarni varð 4 í þetta skipti.

Friðbjörn Bragi sigraði í 83 kg flokki þar sem hann setti líka Íslandsmet í réttstöðulyftu.

Einnig var haldið hið árlega Gamlársdagsmót lyftingadeildar Mosfellsbæjar þar sem keppt var bæði í Olympískum og Kraftlyftingum.

Hjalti Árnason formaður.



Golfklubbur Ness- Nesklubburinn



Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins var haldinn fimmtudaginn 29. nóvember. Rétt um 80 félagar sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Allir stjórnarmeðlimir frá fyrra starfsári buðu sig aftur fram og sitja nú fyrir árið 2019 í stjórn:

Formaður: Kristinn Ólafsson

Árni Vilhjálmsson

Áslaug Einarisdóttir

Guðrún Valdimarsdóttir

Jóhann Karl Þórisson

Stefán Örn Stefánsson

Þuríður Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson

Síðastliðið ár var viðburðaríkt hjá Nesklúbbum bæði þegar horft er til framkvæmda og eins viðburða. Sjaldan hafa verið meiri framkvæmdir í gangi á vellinum á einu ári og voru veðurguðirnir ekki ýkja hjálpsamir við þær framkvæmdir þar sem megnið af sumrinu reyndist eitt það vætusamasta í manna minnum. Þannig reyndist tíðfarið einnig óhagstætt til golfiðkunar og þá sérstaklega framan af sumri sem setti bæði ásókn og mótahald úr skorðum. Engu að síður hafði þetta lítil áhrif á gæði vallarins sem skartaði sínu fegursta.

Félagslífið var fjölbreytt líkt og undanfarin ár og var almenn starfsemi með hefðbundnum hætti. Fyrir utan daglegt starf voru eins og fyrra ár þrátt fyrir vætutiðina haldin vel á þriðja tug golfmóta, þar af fimm opin mót. Kvennastarf klúbbsins er í miklum blóma og býður upp á fjölbreytta viðburði yfir sumarmánuðina sem öllu jafna eru mjög vel sóttir. Unglingastarf var sem fyrr í höndum Nökkva Gunnarssonar,

golfkennara og nú einnig Steins Baugs Gunnarssonar leiðbeinanda. Félagsstarfið hefur tekið miklum breytingum með tilkomu inniaðstöðunnar í Risinu á Eiðistorgi. Þannig nær starfsemin nú orðið yfir alla mánuði ársins með bæði reglubundnum æfingum, golfkennslu og öðrum viðburðum. Sífellt fleiri félagsmenn mæta orðið til þess að bæði æfa sig sem og að hitta aðra félagsmenn.

Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 30. júní – 7. júlí þar sem að hátt í tvö hundruð félagsmenn voru skráðir til keppni. Klúbbmeistari karla er Ólafur Björn Loftsson og klúbbmeistari kvenna er Karlotta Einarisdóttir.

Mikill viðbúnaður var þegar að Annika Sörenstam, einn sigursælasti kvenkyllingur sögunnar hélt golfsýningu á Nesvellinum 11. júní. Sett var upp áhorfendastúka og var stór hluti vallarsvæðisins undirlagt til þess að uppfylla ýmsa öryggisþætti tengda viðburðinum svo eitthvað sé nefnt. Áætlað er að rúmlega 400 gestir hafi komið og fylgst með þessum sögufræga kyflingu sýna listir sínar. Utanumhald og undirbúningur var að mestu í höndum félagsmanna klúbbsins sem lögðu ómælda sjálfbodavinnu af mörkum þennan stóra dag í sögu klúbbsins. Einvígið á Nesinu, „shoot-out“ góðgerðarmótið var að venju haldið á frídeggi verslunarmanna, núna mánudaginn 6. ágúst. Mótið sem nú var haldið í tuttugasta og annað skipti var sem fyrr styrktarmót þar sem tíu af bestu kyflingum landsins er boðin þátttaka og spiluðu í ár í þágu Barnaspítala Hringins. Fjöldi áhorfenda leggur ávallt leið sína á Nesvöllin á þessu móti og eins og áður var mótið tekið upp og síðar sjónvarpað.

Félagar í Golfklúbbi Ness eru núna 800 talsins og er biðlisti í klúbbinn sem á eru nú um 550 manns.

Ísbjörninn



Aðalfundur Ísbjarnarins var haldinn á laugardegi 27. janúar 2018. Á honum voru rædd hefðbúin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins en liðið réð til sín nýjan þjálfra fyrir komandi tímabil, og heitir hann Stefán Gíslason.

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic

Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson

Fjölmiðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson

Þjálfari: Stefán Gíslason

Félagið heldur upp á 11 ára starfsafmæli þann 16. mars næstkomandi og verða haldin veislu höld á samkomustað í miðbæ Reykjavíkur þar sem öllum félagsmönnum verður boðið í.



Árshátíð félagsins var haldin laugardaginn 22.september samkomustað í Reykjavík. Verðlaun voru veitt fyrir góða frammistöðu svo fátt eitt sé nefnt en félagsmenn kusu vinningshafa. Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á síðasta ári: Mjólkurbikarnum 2018, Lengjubikarnum og Íslandsmót í knattspyrnu, 4.deild karla.

Kveðja,
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn



Knattspyrnufélagið Álafoss

Aðalfundur haldinn þann 17.september síðast liðin.

Í stjórn situr Patrik Elí Einarsson sem framkvæmdarstjóri, Patrekur Helgason sem formaður, meðstjórnendur eru Leifur Kristjánsson, Egill Fannar Andrénsson, Elfar Tjörvi Steinason, Baldur Jónas Gunnarsson, Arnar Leó Ólafsson og Arnar Már Kristinsson.

Markmið stjórnarinnar er að reka liðið í plús á komandi leiktíð í staðinn

fyrir að reka það á sléttu eins og undanfarin 2.tímabil.

Félagið hefur farið í andlitslyftingu, nýtt logo, nýir búningar, nýjir boltar, nýjir styrktaraðilar og ráðinn var inn þjálfari.

Þjálfarinn er Ásgrímur Helgi Einarsson sem er þrautreyndur þjálfari og hefur meðal annars þjálfað í efstu deild á Íslandi í kvenna boltanum.

Það er stefna félagsins að komast í úrslitakeppni í 4.deild í sumar og 32. liða úrslit í mjólkurbikar. Mikilvægast er þó að það sé gaman að mæta á æfingar og hópurinn sé þéttur og allir séu tilbúnir til þess að standa við bakið á félaganum.

Við höfum verið að taka þátt í mörgum fjórðulunum og er planið að hafa þær enn fleiri.



Skotíþróttafélag Kópavogs

Aðalfundur félagsins fór fram 23.febrúar 2018. Nokkrir nýir aðilar komu inn í stjórnina, þar á meðal nýr formaður. **Stjórn félagsins er sem hér segir:**

Friðrik Gothe, formaður

Bára Einarsdóttir, vara-formaður

María Clausen, gjaldkeri

Þórir Ingvarsson, ritari

Guðrún Hafberg, meðstjórnandi

Varamenn:

Breki Atlason, Ólafur Egilsson.

Mikil fjölgun hefur verið í félaginu og bætt hefur verið 2 greinum á æfingatöfluna, „50m.Benchrest“ og „Veidirifflum“, en sú seinni er aðgengileg fyrir byrjendur í skotíþróttum. Keyptar voru „laser“ byssur, en þær skjóta ekki skotum heldur geisla í skotmarkið. Þær líkja nánast alveg eftir loftbyssum og eru talinn góður grundvöllur fyrir loftbyssu-æfingar. Ætlunin er að nota þær í unglingastarfi, en þar sem að íslensk vopnalög heimila ekki að börn undir 15 ára aldri noti skotvopn, er hægt að leyfa þeim að byrja með slíkum „laser“ byssum. Keypt voru ný skotmörk fyrir púðursal, en þar var um að ræða fjárfestingu fyrir

tæplega 9 milljónir króna. Mikill metnaður er í að efla félagið og mun það vera helsta kappsmál félagsins að bæta aðstöðuna og fá fleiri þjálfara til félagsins.

Ívar Ragnarsson, f.1975

Íslandsmeistari í Staðlaðri skammbýssu, Sportskammbýssu- og gróf skammbýssu; öllum greinum sem hann tók þátt í á árinu.

Íslandsmeistari í liðakeppni í: staðlaðri skammbýssu, Sportskammbýssu- og gróf skammbýssu

Kópavogsmeistari í Sportskammbýssu árið 2018.



„Stál-úlfi“



Aðalfundur Íþróttafélags Stál-úlfi var haldinn laugardaginn 14 apríl 2018 í Grafarvogi. Stjórn félagsins skipa þeir:

Algirdas Slapikas – formaður, Erikas Milleris - varaformaður, Vytautas Lipskas - gjaldkeri, Mindaugas Andrijauskas – ritari, Romualdas Gecas, Sergej Diatlovic og Rui Pedro De Jesus Pereira.

Á vegum félagsins eru körfubolta, fótibolta og futsal lið í meistaraflokki karla. Einnig Stál-úlfi sesti lið til keppninar í 40+ aldursflokki 3 ár í röð. Keppnistímabilið 2017 starfaði Stál-úlfi sitt 9 ár.

Körfuboltalið „Stál-úlfs“ keppti í 3. deild karla í vor og unnu alla sína deildarleiki með miklum yfirburðum. Óheppilega töpuðu Stál-úlfarnir fyrir Álfþanes í undanúrslitum úrslitakeppninnar, en þrátt fyrir það næsta ár liðið mun keppa í 2 deild. Æfingar liðsins fóru fram í Kárneskóla þrisvar í viku, en heimaleikir voru spilaðir í Fagrilundi.

Fótboltaliðið Stál-úlfs tók þátt í öllum mótunum sem KSÍ bauð upp á - Lengjubikarnum, 4. deild karla, Borgunarbikarnum, Íslandsmóti innanhús og Íslandsmóti 40+ deildar.

Í mars Stál-úlfarnir tóku þátt í Lengjubikarnum C deildar og var að ljúka

keppni í 3 sæti 4 riðlsins. Í mai liðið hóf keppnina í bikarkeppninni KSÍ en féllu út í fyrstu umferð á móti Skallagrím 0:2 í erfiðum leik. Liðið Stál-úlfs keppti í A riðli 4 deildar í sumar og endaði í 6 sæti. Futsal liðið tók þátt á Íslandsmótti innanhús, endaði í 2 sæti. E riðlsins og komst í úrslitakeppnina. Stál-úlfarnir tapaði 2:3 fyrir Íslandsmeistara Vængjum Júpitera í átta liða úrslitum. Á lokum Stál-úlfarnir tóku þátt á Íslandsmóti 40+ deildinar og stöndu vel með því að vinna silfurverðlauna í 40+ aldurshópi.

Æfingar liðsins fóru fram á útigervigrasvælinum við Kórin og Fagrilundi þrisvar í viku. Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfboðaliðastarfi.



Stjarnan

Í stjórn sitja:

Sigurður Barnason formaður
Ásta Kristjánsdóttir varaformaður
Kristján B. Thorlacius ritari
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir m.stjórnandi
Sigríður Dís Guðjónsdóttir m.stjórnandi
Gunnar Berg Viktorsson m.stjórnandi

Á árinu 2018 hafa rúmlega 3300 virkir iðkendur tekið þátt í starfi félagsins, en starfandi eru sjö deildir, fimleika-, handbolta-, körfu-

bolta-, fótbolta-, kraftlyftinga-, sund og almenningsíþróttadeild. Varla er heimili í Garðabæ þar sem ekki er að finna einhverskonar tengingu við Stjörnuna, hvort sem hún er í formi iðkenda, sjálfboðaliða, styrktaraðila, velunnara eða starfsmanna.

Við í Stjörnunni erum einstaklega stolt og þakklát fyrir það hlutverk sem við sinnum í samvinnu við bæjarbúa. UMF Stjarnan er meðal stærstu þjónustuaðila í nær samfélaginu í Garðabæ. Hlutverk okkar í dag er þrífætt; almennings íþróttir fyrir fullorðna og uppeldisstarf í barna- og unglingastarfi sem felst fyrst og fremst í því að byggja upp sterka einstaklinga út í samfélagið sem kunna að takast á við mótlati og sigra og svo afreksstarf í meistaraflokkum félagsins. Okkur hættir stundum til þess að gleyma því gífurlega mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur á Íslandi. Þátttakan ásamt samveru með foreldrum eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litið er til áhættuhegðunar barna og ungmenna og þróunin á undanförmum 20 árum hefur verið frábær og litið er til íslensku leiðarinnar hvaðanæva úr heiminum. Þegar litið er til afreksstarfsins þá er Stjarnan í fararbroddi í öllum deildum félagsins. Afreksfólkið eru einnig mikilvægar fyrirmyndir yngri iðkenda og þá er ótalin félagsleg samvera og skemmtanagildi fyrir íbúa samfélagsins. Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar er stór hluti af því sem þéttir okkur saman, við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild sem við getum fagnað með á góðu stundunum og fundið samstöðu og stuðning frá þegar á reynir. Lýsandi dæmi um þetta er þegar meistaraflokkur karla í knattspyrnu urðu bikarmeistarar í september og allur Garðabær fagnaði, meira að segja turninn á bæjarskrifstofunum var skreyttur stjörnuflánum. Í desember þegar árið er senn að liða undir lok, er okkur tamt að setjast niður og fara yfir verkefnin og áskoranirnar sem við höfum staðið frammi fyrir. Þau eru ekki fá verkefnin sem koma upp í hugann og ómögulegt að telja þau öll upp í þessari stuttu grein en mig langar að fá tækifæri til að segja ykkur frá nokkrum af þeim áherslum og verkefnum sem við höfum verið að vinna að inni í félaginu okkar.

Bætt félagsaðstaða

Á árinu hefur verið unnið að því að bæta félagsaðstöðu UMF Stjörnnar. Sú vinna mun halda áfram á næsta ári. Dúllubarinn eins og hann kallast eftir okkar eina sanna Sigga Dúllu, opnaði í sumar en þar er verið að búa til aðstöðu sem deildir félagsins geta nýtt fyrir viðburðahald, félagsstarf og samverustundir félagsmanna. Eins er verið að bæta fundaraðstöðu fyrir starfsemi félagsins en þrjú ólík fundarherbergi munu vera tilbúin á fyrstu mánuðum nýs árs. Eins er verið að taka anddyri Stjörnuheimilisins í andlitslyftingu og til stendur að gera þar notalegt kaffihorn þar sem félagsmenn geta hist og rætt málefni liðandi stundar. Einnig má nefna að stjórnendur handknattleiksdeildarinnar hafa komið fyrir borðtennisborði, leikjatölvu og öðrum skemmti-

legum tækjum í anddyri TM hallarinnar í mýrinni með það að markmiði að búa til andrúmsloft þar sem iðkendur upplifa að þeir séu velkomnir að koma og vera saman með vinum sínum í tengslum við æfingar.

Aukin samvinna deilda

Undanfarin tvö ár höfum við verið að velta upp spurningunum hvernig menningu viljum við hafa í félaginu okkar?, hvernig endurspeglast gildin okkar í starfsemi okkar og erum við að vinna eftir þeim í öllum deildum? Gildi UMF Stjörnnar eru samvinna, fagmennska, gleði og árangur. Teknar hafa verið ýmsar ákvarðanir að undarförnu út frá þessum forsendum. Ein þeirra var t.d. að sameina vinnuaðstöðu starfsmanna eins og kostur er, í þeim tilgangi að auka samvinnu og samtal milli ólíkra hagsmunahópa. Hugmyndafræðin var að skapa aðstaður þar sem lærdómur og reynsla getur nýst milli ólíkra greina og við nýtum betur þann sterka og flotta mannauð sem félagið hefur að geyma. Óhætt er að segja að þessi breyting hefur haft mjög jákvæð áhrif í för með sér og hægt að fullyrða að enn betri liðsheild hefur skapast milli starfsmanna og þjálfara sem deila þessari vinnuaðstöðu.

Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýrin

Fyrir liggur að framkvæmdir við fjölnota íþróttahús mun hefjast á næstunni. Húsið verður án vafa mikil lyftistöng fyrir alla starfsemi félagsins. Var félagið þátttakandi í þarfagreiningu og hönnun hússins á öllum stigum málsins. Lokað alúttboð vegna hönnunar og byggingar á fjölnota íþróttahúsi var auglýst í byrjun janúar. Stærð íþróttahúss verður um 80 x 140 m eða um 11.200 m² auk milligólfs í hluta hússins um 1.600 m² og anddyris og annarra stoðryma um 1.200 m², samtals flatarmál um 14.000 m².

Núverandi staðsetning fjölnota íþróttahússins eftir breytingu á deiliskipulagi þar sem frestur til þess að skila inn athugasemdum og ábendingum rann út miðvikudaginn 5. desember 2018.

Óskastaðan er sú að vígja húsið á sextíu ára afmæli félagsins í nóvember 2020.

Að lokum vil ég fyrir hönd aðalstjórnar UMF Stjörnnar þakka öllu því fólki sem hefur hjálpað til við að gera starfið að veruleika, framlag þeirra og stuðningur til starfseminnar er ein af lykilforsendum þess að Stjarnan er og getur verið áfram eitt af leiðandi íþróttafélögum landsins sama hvar fæti er stigið niður í starfseminni.

Skíni Stjarnan!

Sigurður Bjarnason

Formaður UMF Stjörnnar



Tennisfélag Garðabæjar



Aðalfundur félagsins fór fram 24 apríl 2018

Istjórn eru: Eypör Rafn Þórhallsson,
Davíð Ármann Eypórsson,
Luigi Bartolozzi

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2018

Starfsemi félagsins er tvíþætt, annarsvegar mini-tennis æfingar í Garðabæ og hinsvegar tennisæfingar í Tennishöllinni í samstarfi við önnur tennisfélög. Tennisfélögin hafa þar m.a. staðið fyrir sameiginlegum tennismótum og vikulegum áskorendakeppnum. Félagið hefur jafnframt staðir fyrir kynningarstarfi á tennisíþróttinni í grunnskólum Garðabæjar, verkefnið heitir skólatennis.

Í skólatennis er farið yfir öll undirstöðuatriði íþróttarinnar með hjálp mjúk tennisbolta ásamt uppsettum netum. Félagið útvegar bolta og spaða handa krökkunum en þau sem skrá sig fá jafnframt sinn eigin spaða, sem þau geta notað við tennisæfingar í framtíðinni. Það hafa verið frábærar viðtökur við þessu skólaverkefni og foreldrar eru almennt ánægðir með þessa þjónustu fyrir börnin til að taka fyrstu skrefin í tennis. Mini-tennisæfingarnar hafa skilað sér í auknu tennisstarfi í Garðabæ og í sameiginlegum æfingum í Tennishöllinni.

Eins og framan greinir er góður gangur í starfi félagsins og félagið sér fram að hafa aðgang að meiri og betri aðstöðu í Tennishöllinni eftir stækkun hennar sem stendur yfir um þessar mundir.



Gróttu



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gróttu fór fram 18. apríl 2018 í hátíðarsal Gróttu.

Rekstrarniðurstöður ársins voru viðunandi. Tvær breytingar urðu á aðalstjórn. Elín Smáradóttir hætti sem formaður og við tók Bragi Björnsson og Sigrún Hallgrímsdóttir lét af störfum sem varformaður og við tók Próstur Þór Guðmundsson. Auk þeirra eru Hreinn Októ Hreinsson, Kristinn Þorvaldsson og Ragnar Rafnsson í aðalstjórn Gróttu.

Á árinu 2017 náðist góður árangur á ýmsum sviðum hjá íþróttafélaginu Gróttu. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu var á sínu öðru ári og lék í 2. deild þar sem liðið endaði í 4. sæti. Meistaraflokkur karla lék í 2. deild sumarið 2018 og gerði sér lítið fyrir og vann sér sæti í Inkasso deildinni í sumar. Áhersla verður áfram lögð á að gefa ungum og uppöldum leikmönnum Gróttu tækifæri næsta sumar. Mikil fjölgun iðkenda hefur orðið hjá knattspyrnudeildinni og eru þeir nú orðnir fleiri en 400 talsins.

Meistaraflokkur kvenna í handbolta féll í 1. deild eftir harða baráttu í umspili um laust sæti í efstu deild. Karlalið félagsins í handbolta endaði í 9. sæti í Ólíu deild karla einungis örfáum stigum frá sæti í úrslitakeppni. Yngri flokkar handboltans eru á finum stað, öflugt starf unnið og árangur góður innan vallar sem utan.

Starf fimleikadeildar, sem er stærsta deild félagsins, hefur gengið vel og biður fimleikafólk með eftirvæntingu eftir nýju fimleikahúsi sem verður tilbúið í lok febrúar. Sóley Guðmundsdóttir og Laufey Birna Jóhannsdóttir voru valdar í unglingalandsliði fyrir Norðurlanda- og Evrópumót.

Knattspyrnumaðurinn Dagur Guðjónsson varð fyrir valinu sem íþróttamaður Gróttu árið 2018 en kjörið fór fram í byrjun árs 2018. Íþróttamaður æskunnar var valinn úr hópi ungra og efnilegra íþróttamanna félagsins og var það fimleikakonan Laufey Birna Jóhannsdóttir sem fékk þá viðurkenningu.



Breiðablik



Aðalfundur Breiðabliks starfsárið 2017- 2018 fór fram í Smáranum þann 24. apríl klukkan 17:00

Aðalstjórn Breiðabliks skipa:

Sveinn Gíslason: Formaður
Halla Garðarsdóttir: Varaformaður
Guðmundur Sigurbergsson: Gjaldkeri
Þórolfur Heiðar Þorsteinsson: Ritari
Björgvin Gestson meðstjórnandi
Steini Þorvaldsson meðstjórnandi
Ásgeir Baldursson meðstjórnandi
Samantekt úr íþróttastarfi Breiðabliks 2018

Íþróttastarf Breiðabliks var sem fyrr í miklum blóma árið 2018. Það var mikill þróttur í starfi allra deilda félagsins. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu gerði sér lítið fyrir varð bæði íslandsmeistari og bikarmeistari. Margir þeirra leikmanna sem voru í meistaraliði Breiðabliks eru uppaldir Blikar og sýnir það merki um hið framúrskarandi yngri flokka starf sem félagið heldur úti. Meistaraflokkur karla gerði einnig gott mót og komst alla leið í úrslitaleik bikarkeppninnar þar sem Blikar lutu lægra haldi gegn andstæðingum sínum. Meistaraflokkur karla endaði Íslandsmótið í 2. sæti og tryggðu sér þar sem keppnisrétt í Evrópu deildinni. Yngri flokkar Breiðabliks skiluðu góðum árangri í ár eins og svo oft áður og voru þó nokkrir flokkar sem stóðu uppi Íslandsmeistarar að móti loknu. Síamótið sem fram fór dagana 11-14 júlí gekk vel í alla staði og kepptu um 2000 iðkendur á mótinu, mótið er stærsta yngri flokka mót á Íslandi. Meistaraflokkur kvenna í körfubolta voru nýliðar í úrvalsdeild og héldu þær sæti sínu í deildinni og voru ekki langt frá því að komast í úrslitakeppni. Meistaraflokkur karla í körfuknattleik gerðu gott mót og endaði í 2. sæti í deildinni og tryggðu sér þannig sæti í úrvalsdeild. Mikill stigandi hefur verið í yngri flokka starfi körfuknattleiksdeildar Breiðabliks og er deildin orðin ein sú fjölmennasta á landinu. Unglingaflokkur karla varð bikarmeistari og

8. flokkur karla varð Íslandsmeistari. Hjólreiðadeild Breiðabliks sem var stofnuð fyrir fáeinum misserum hefur blómstrað allar götur síðan. Blikarnir Rúnar Örn Ágústsson og Ingvar Ómarsson urðu í 1. og 2. sæti á Íslandsmótinu í tímatöku þann 21. júní þar sem hjólað var frá Seltúni norður með Kleifarvatni. Endaði Rúnar í 1. sæti og Ingvar í 2. sæti. Á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum sem haldið var á Laugardalsvelli var Breiðablik með flesta titla, samtals 18 gull-, 7 silfur- og 4 bronsverðlaun. Á mótinu varð Ingi Rúnar Kristinsson Íslandsmeistari í tugbraut þriðja árið í röð. Irma Gunnarsdóttir varð norðurlandameistari U23 í fjölþraut, sigraði hún keppnina með yfirburðum og nældi hún í 5403 stig. Frjálsíþróttadeild Breiðabliks stóð einnig fyrir Hjartadagshlaupinu eins og undanfarin ár. Þeir Vignir Vatnar, Stephan Briem, Birkir Ísak og Arnar Milutin úr skákdeild Breiðabliks voru heildur Íslands á Ólympíuskákmóti 16 ára og yngri og urðu þeir landi og félaginu til sóma. Skákhátið MótX var sett með glæisbrag í björtum söllum Breiðabliksstúku og var hátíð sett með pompi og prakt þegar Hilmar Viggósson lék fyrsta leik í skák Hjörvars steins og Vignis Vatnars Stefánssonar. Mikinn styrk og eljusemi má ætíð finna í Camelot, aðal lyftingaaðstöðu kraftlyfingadeild Breiðabliks. Blikinn Ellen Yr tók m.a. þátt í sínu fyrsta alþjóðamóti og stóð sig með ágætum. Hún hefur verið sigursæl undanfarin ár og er þrefaldur Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum og hefur sett fjöld Íslandsmeta. Íslandsmeistaramótið í 25m laug (IM25) fór fram í Ásvallalaug dagana 9. -11. nóvember. Sunddeild Breiðabliks sendi ungt og öflugt lið til leiks og átti félagið alltaf 10-11 sundmenn í úrslitum alla dagana þar sem 8 bestu úr undanrásum syntu. Samtals vann félagið 8 Íslandsmeistaratitla í einstaklingsgreinum og tvo titla í boðsundum. Sundmenn félagsins hlutu 10 silfur og 9 brons í einstaklingsgreinum og fjögur silfur og tvenn bronsverðlaun í boðsundum. Karatelandslíðskonan og blikinn Svana Katla Þorsteinsdóttir keppti í þann 14. október á sterku móti, 6th Central England International Open, í Worcester Englandi. Á mótinu hreppti Svana bronsið þegar hún lagði Miú Daniels að velli þegar hún framkvæmdi kata Kanku Sho og

vann viðureignina 3-0. Á Íslandsmeistaramót Karatesamband Íslands var haldið í Fylkisseli í október náði Bjarni Hrafnkelsson í silfur í 14-15 ára flokki og Tómas Aron Gíslason í Silfur í sama flokki. Samúel Týr Sigþórsson hreppti bronsið á mótinu í 13 ára flokki.



HK

Aðalfundur félagsins fór fram 25 apríl á árinu.

Stjórn HK:

Sigurjón Sigurðsson formaður

Magnús Gíslason varaformaður

Einar Tómasson ritari

Unnar Hermannsson gjaldkeri

Hólmfríður Kristjánsdóttir umboðsmaður yngri félaga og aðstandenda

Ragnheiður Kolviðsdóttir varamaður

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2018.

HK gerði í maí samning við Sportabler sem er vef – og snjallsímaforrit sem auðveldar skipulag og samskipti milli iðkenda, foreldra, foreldra og starfsmanna. HK gerði samning við Spörtu heilsurækt í ágúst og muni þau sjá um alla styrktarþjálfun í barna- og unglingaflokkum félagsins. Íþróttahátið HK var haldin hátíðleg í desember á árinu. Þar voru krýndir íþróttakona og íþróttamaður HK. Einnig voru einstaklingar og flokkar verðlaunaðir fyrir góðan árangur á árinu. Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu vann sér sæti í úrvalsdeildinni með að lenda í öðru sæti í Inkasso deildinni. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2008 sem HK leikur í deild þeirra bestu. HK/Víkingur í mfl kvk héldu sér uppi í efstu deild á árinu eftir að hafa komist upp um deild árið áður. Meistaraflokkur kvenna í handbolta tryggði sér sæti í efstu deild með því að vinna lið Gróttu 3-0 í umspili um sæti í Ólísdeildinni. Fyrirliði liðsins Sigríður Hauksdóttir lék líka sína fyrstu landsleiki fyrir hönd Ísland í desember. Dansdeildin stóð sig líka vel á árinu. Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir unnu 9 titla í ballroom dónsum á árinu, þar af meðal voru þau Íslandmeistarar og norðurlandameistarar. Karlalið HK í borðtennis unnu aðra deildina og tryggðu sér sæti í efstu deild að ári. Óskar Agnarsson sem var lykilmáður í liðinu vann líka Íslandsmeistaratitilinn í 2 flokki.

Kær kveðja,
Hanna Carla Framkvæmdastjóri HK



Ýmir

Stjórn félagsins:

Þorsteinn Aðalsteinsson (formaður)

Jenna Granz (gjaldkeri)

Ólafur Bjarni Bjarnason (ritari)

Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir (varaformaður)

Ríkharður Daði Ólafsson (varamaður)

Sumarið 2018 var afskaplega skapvont fyrir siglingafólk. Samt tókst okkur að koma starfinu í gang á fyrri hluta sumars, og höfðum um 10 ungmenni sem mættu reglulega á æfingar. Félags-siglingarnar tókust nokkuð vel fyrri hluta sumars og 8 fullorðnir nýliðar fengu að reyna sportið í misgóðu veðri. Við náðum að koma Sifinni í tvær kjölbáta-keppnir, en annars keppti Sigurborgin fyrir okkur á öðrum mótum. Einn unglingur fékk styrk til að sækja mót og siglinganámskeið erlendis, en tveir unglingar tóku þátt í kænnumótum fyrir hönd félagsins. Hannes Sigurbjörnsson lauk starfi sínu sem formaður. Hannes hefur unnið með einstakri kostgæfni og natni við starf félagsins og ég vona að ég nái að fylgja í fótspor hans.

Kær kveðja

Þorsteinn Aðalsteinsson





Viðurkenningar UMSK

Heiðursviðurkenning UMSK

Björn B. Bjarnason	2008	F.v. form. UMFÍ
Ellert B. Schram	2008	Alþingismaður
Gísli Halldórsson	1999	forseti ÓÍ
Gunnar Ingi Birgisson	2007	bæjarstjóri
Sigurður Magnússon	1997	frkv.stj. ÍSÍ
Sigurgeir Sigurðsson	2002	bæjarstjóri
Sveinn Björnsson	1990	forseti ÍSÍ
Þorsteinn Einarsson	1993	íþr.fulltrúi

Félagsmálaskjöldur

Margrét Bjarnadóttir	1982	Gerpla
Páll Aðalsteinsson	1983	Afturelding
Albert H.N. Valdimarsson	1984	HK
Jón Ingi Ragnarsson	1985	Breiðablik
Kristján Sveinbjörnsson	1986	UMFB
Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1987	Breiðablik
Ólína Sveinsdóttir	1988	Breiðablik
Ingi Guðmundsson	1989	Stjarnan
Elsa Jónsdóttir	1990	Gerpla
Svanur M. Gestsson	1991	Afturelding
Aida Helgadóttir	1992	Stjarnan
Ingvar Árnason	1993	Gerpla
Pálmi Gíslason	1994	Breiðablik
Hafsteinn Pálsson	1995	Afturelding
Hraunar Daníelsson	1996	Breiðablik
Logi Kristjánsson	1997	Breiðablik
Guðrún Magnúsdóttir	1998	Afturelding
Halldór Frimannsson	1999	Afturelding
Þorsteinn Einarsson	2000	HK
Anna R. Möller	2001	Stjarnan
Lárus Rafn Blöndal	2002	Stjarnan
Jóhann G. Guðjónsson	2003	Afturelding
Ingibjörg B. Jóhannesdóttir	2004	Afturelding
Þórður St. Guðmundsson	2005	Breiðablik
Kristján Erlendsson	2006	Gerpla
Snorri Olsen	2007	Stjarnan
Bjarnleifur Bjarnleifsson	2008	Gustur
Hallur Birgisson	2009	Afturelding
Sigurjón Sigurðsson	2010	HK
Karl Sigurðsson	2011	HK
Jón Finnbogason	2012	Gerpla
Magnús Örn Helgason	2013	Gróttá
Guðmundur Hagalínsson	2014	Spretti
Guðrún Kristín Einarsdóttir	2015	Aftureldingu
Guðmundur Oddsson	2016	GKG

Algirdas Slapikas	2017	Stál – Úlfur
Gunnar Ingi Björnsson	2018	Golfkl. Mosfellsbæjar

Afreksbikar

Meistaraflokkur kvenna í knattsp.	1982	Breiðablik
Kristín Gísladóttir, fimleikar	1983	Gerpla
Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálssar	1984	Breiðablik
Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálssar	1985	Breiðablik
Ævar Þorsteinsson, karate	1986	Breiðablik
Bjarki Arnórsson, siglingar	1987	Ýmir
Einar Ásgeirsson, tennis/blak	1988	ÍK/HK
Helgi Jóhannesson, karate	1989	Breiðablik
Sigurður Bjarnason, handknattl.	1990	Stjarnan
Guðný Gunnsteinsdóttir, handkn.	1991	Stjarnan
Ásta B. Gunnlaugsdóttir, knattsp.	1992	Breiðablik
Sigurbjörg Ólafsdóttir, fimleikar	1993	Stjarnan
Ásta B. Gunnlaugsdóttir, knattsp.	1994	Breiðablik
Páll Hreinsson, siglingar	1995	Ýmir
Vanda Sigurgeirsdóttir, knattsp.	1996	Breiðablik
Sigurður Sveinsson, handknattl.	1997	HK
Sigurður Sigurðarson, hestaíþr.	1998	Hörður
Bjarki Sigurðursson, handknattl.	1999	Afturelding
Rúnar Alexandersson	2000	Gerpla
Helga Dögg og Ísak Halldórsson	2001	Hvönn
Jón Arnar Magnússon	2002	Breiðablik
Birgir Leiftur Hafþórsson	2003	GKG
Rúnar Alexandersson	2004	Gerpla
Þóra Björg Helgadóttir	2005	Breiðablik
Arnar Sigurðsson	2006	TFK
Fríða Rún Einarsdóttir	2007	Gerpla
Vignir Hlöðversson	2008	Stjarnan
Þóra Helgadóttir	2009	Breiðablik
Arnar Grétarsson	2010	Breiðablik
Íris Mist Magnúsdóttir	2011	Gerpla
Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir	2012	Stjarnan
Auðunn Jónsson	2013	Breiðablik
Auðunn Jónsson	2014	Breiðablik

UMFÍ-Bikarinn

Meistarafli. Karla í handknattleik	1987	Stjarnan
Meistarafli. Kvenna í blaki	1988	Breiðablik
Meistarafli. Kvenna í handknattl.	1989	Stjarnan
Meistarafli. Kvenna í knattspyrnu	1990	Breiðablik
Karlaflokkur í fimleikum	1991	Gerpla
Áhöfnin á Sigurborgu	1992	Ýmir
Meistarflokkur karla í blaki	1993	HK
Meistarafli. Kvenna í knattspyrnu	1994	Breiðablik
Meistarafli. Kvenna í handknattleik	1995	Stjarnan

Meistarafli. Kvenna í knattsp.	1996	Breiðablik
Meistarafli. Karla í handknattleik	1997	Afturelding
Meistarafli. Kvenna í handknattleik	1998	Stjarnan
Meistarafli. Karla í handknattleik	1999	Afturelding
Meistarafli. Kvenna í knattspyrnu	2000	Breiðablik
